

HEIÐRÚN SIGURÐARDÓTTIR

Æfir tvisvar á dag,
tvo tíma í senn

• heilsa
allt í MIÐJU BLAÐSINS



HILMAR HANSSON

Nóg komið af okri í
íslenskum ám

Veiðir stórlax í Rússlandi
FÓLK 30



HARA-SYSTURNAR

Skrifa undir samning
við Concert

Jógvan í hljóðver á fimmtudaginn
FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. apríl 2007 – 96. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

ÞRIÐJUDAGUR



Umdeild kona

Pórhallur Heimisson
skrifar ævisögu Maríu
Magdalenu.

TÍMAMÓT 16

Um vonda hagstjórn

„Fólk finnur mikið fyrir verðtryggingu lána þegar verðbólga fer á skrið, en það er einmitt síst við þær aðstæður sem hrófla má við henni,“
skrifar Valgerður Bjarnadóttir.

Í DAG 14

Á fyrir salti í grautinn

Daniel Radcliffe græðir
á tá og fingri sem
Harry Potter.

KVIKMYNDIR 23




Njarðvík í forystu

Íslandsmeistarar
Njarðvíkur tóku forystuna í úrslitaeinvígi
Iceland Express-
deildarinnar gegn
KR í gær.

ÍPRÓTTIR 26



VEÐRIÐ Í DAG



LÉTTIR TIL EYSTRA Í dag verður vestlæg átt. Sumstaðar allhvöss á austurhluta landsins með snörpum hviðum. Hægari á vesturhluta landsins. Víða él með morgninum en léttir smám saman til eystra í dag. Frostlaust syðra að deginum.

VEDUR 4



HÁLFTÍMI EFTIR UPP Í GRJÓTIÐ Dragnótabáturinn Hafborg á leið í land í Sandgerði síðdegis í gær. Hákon Örn Matthíasson skipstjóri sagði að litlu hefði mátt muna því báturinn hefði aðeins átt eftir hálf tíma upp í grjótið í innsiglingunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR BRAGI

Feðgar í háaska á vél-arvana dragnótabát

Báturinn Hafborg varð vélarvana með fullfermi af fiski fyrir utan innsiglinguna í Sandgerði í gær. Litlu mátti muna að bátinn ræki upp í grjótið í innsiglingunni.

SANDGERÐI „Þetta mátti ekki tæpara standa. Ef það hefði verið korterinu lengur í björgun, þá hefði illa farið því að við vorum á leið upp í fjöru,“ sagði Hákon Örn Matthíasson, skipstjóri á dragnótabátnum Hafborginni.

Hákon Örn og 31 árs sonur hans Hákon Hákonarson eru í áhöfn Hafborgarinnar. Hákon Örn segist ekki vita hvað hafi gerst, vélin hafi bara bilað. „Við máttum þakka fyrir að hún bilaði ekki seinna því að þá hefðum við verið í vöndum málum. Við vorum það utarlega þegar bilaði að bátinn rak ekki eins hratt upp í grjótið.“

Hafborgin varð vélarvana eina og hálfu mílu fyrir utan innsiglinguna í Sandgerði síðdegis í gær. Netabáturinn Maggi Jóns var skammt undan. „Við vorum komnir til hans eftir tuttugu mínútur til hálf tíma og komum spotta í hann,“ sagði Ásgeir Hilmarsson, skipstjóri á Magga Jóns. „Við náðum að toga hann aðeins út og gátum haldið honum þar til björgunarskipið kom og tók við um hálf tíma síðar,“ sagði Ásgeir og taldi Hafborgina hafa átt stutt eftir í land þegar þeir komu að henni.

Vindur stóð á land. „Það var suðvestan kaldi og svolítið grunnt, kannski sex til sjö faðmar þegar við komum að Hafborginni. Bátinn hafði rekið góða mílu, kannski tuttugu mínútur til hálf tíma, frá því hann varð vélarvana og þar til við komum,“ sagði Ásgeir.

Guðlaugur Ottesen, gjaldkeri björgunarsveitarinnar Sigurvegar, sagði björgunaraðgerðir hafa gengið mjög vel. „Ástandið á mönnum var gott. Það gekk ágætlega að koma taug í bátinn og draga hann í land en þetta leit ekki vel út til að byrja með. Vindur stóð á land og bátinn rak hratt, en þar sem hann var drekkhlaðinn rak hann ekki eins hratt og hann ella hefði gert.“

Tuttugu manna björgunarlið var kallað út í Sandgerði auk þess sem björgunarsveitin Ægir í Garði var í viðbragðsstöðu með fluglínu-tæki.

-ghs

Íslandshreyfingin:

Margrét og Ómar efst í Reykjavík

STJÓRN MÁL Ómar Ragnarsson, formaður Íslandshreyfingarinnar, segir að hreyfingin hafi fulla framboðslista í öllum kjördæmum en eftir sé að raða svolítið á listana. „Við erum með fólk sem getur verið í efstu sætum í öllum kjördæmum og það er alveg að bresta á að við getum gefið upp fimm efstu menn í hverju kjördæmi,“ segir Ómar.

Af þeim fjórum sem eru í forystusveitinni, Ómari, Margréti Sverrisdóttur, Ósk Vilhjálmssdóttur og Jakobi Frímanni Magnússyni, þykir líklegast að Ómar og Margrét leiði lista í Reykjavíkurborg kjördæmum. „Það er langlíklegast að við séum efst í þessum kjördæmum en það er ekki útilokað að annað hvort okkar fari í annað kjördæmi,“ sagði Ómar.

-ghs/sjá nánar á síðu 10

iPod mest seldi ferðaspilarinn: 100 milljón spilarar seldir

TÆKNI Mp3-spilarinn frá Apple, iPod, er nú mest seldi ferðaspilari allra tíma. Fyrsti iPod-inn var seldur í nóvember árið 2001 og nú, tæplega fimm og hálfu ári síðar, hefur Apple selt 100 milljón eintök.

Spilarinn hefur náð það miklum vinsældum að þekkt vörumerki á borð við McDonalds gætu þurft að vara sig. Um nokkurt skeið hefur verið talað um Big Mac-vísitölu þjóða. Þá er kaupmáttur ólíkra þjóða borinn saman með því að bera saman verð á Big Mac-hamborgara í löndunum. Nú hefur banki einn í Ástralíu tekið upp iPod-vísitölu.

Þá heyrast sögur frá Írak af bandarískum hermanni sem var skotinn af andstæðingum sínum. Skotið lenti í iPod-spilara Bandaríkjamannsins og slapp hann ómeiddur.

-þo

Hestamenn eru óánægðir með frágang verktaka á keppnissvæði Andvara:

Völlurinn ónothæfur síðan í haust

UMHVERFISMÁL Félagsmenn í hestamannafélaginu Andvara í Garðabæ eru óánægðir með frágang verktaka á vegum Kópavogsbæjar og Garðabæjar sem lögðu vatnsleiðslu í gegnum keppnissvæði félagsins. Framkvæmdum átti að ljúka um áramót.

Þorvaldur Sigurðarson, formaður hestamannafélagsins Andvara, segir að völlurinn hafi verið ónothæfur síðan í september. „Við höfum þurft að færa mót inn í Reiðhöllina og erum orðnir verulega þreyttir á að biða eftir að gengið verði frá svæðinu,“ segir Þorvaldur og bætir því við að hestamenn hafi þó fyrst og fremst verið óánægðir með að ekki var haft samráð við þá þegar ákveðið var að leggja lögnina í gegnum völlinn.


Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, segir að bæjaryfirvöld hafi ýtt á eftir verktökunum að ganga frá svæðinu. „Okkur hafa borist kvartanir og höfum vísað þeim til verktakanna,“ segir Gunnar sem kannast ekki við að farið hafi verið í gegnum völlinn í óþökk hestamanna.

Garðabær kaupir vatnið af Kópavogsbæ og það er Kópavogsbær sem sér um framkvæmdina.

-þo

LESTUR MEDAL 12-49 ÁRA
höfuðborgarsvæðið

Þriðjudagur



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í mars 2007.


**ÍÐNAÐARMENN HÆKKUÐU
MINNA Í LAUNUM EN AÐRAR
STÉTTIR ÁRIÐ 2006!**

www.xf.is



Frjálslyndi flokkurinn

HELGIN
SEM
GJÖR-
BREYTIR
LÍFI
FÓLKS!



Unleash the Power Within er fjögurra daga ofurámskeið með hvatningargjölfaranum og metsöluhöfundinum Anthony Robbins.

Skráðu þig strax í dag á www.english.is eða í síma 567 6617 & 699 6617 & 661 6617

London 22-25 júní - 2007

SPURNING DAGSINS



Magnús, hvað finnst þér um það að Færeyingur hafi unnið X-Factorinn?

„Frábært. Færeyingar eru góðir tónlistarmenn og það hlaut að koma að því að þeir slægi ú gegn á Íslandi.“

Færeyingurinn Jógvan Hansen sigraði í X-Factor keppninni en hann hefur búið hér á landi um skeið. Magnús Þór Hafsteinson er varaformaður Frjálslynda flokksins sem hefur verið gagnrýndur fyrir harða innflytjendastefnu.

Mótmæli í Stokkhólmi:

Dýravínir seldu mannakjöt

SVÍPJOB Alþjóðlegu samtökin Charity International ráku óvenjulegan áróður gegn sölu og áti á kjöti á Sergelstorgi í Stokkhólmi um páskana. Manneskjum hafði verið pakkað inn, nöktum og blóðugum, í kjötumbúðir eins og í kæliborði stórverslana og var verðmerkingin 49,90 sænskar krónur, að sögn Svenska Dagbladet.

„Ferðamenn horfðu óttaslegnir á pakkningarnar áður en málið skýrðist – þetta var liður í herferð til að sýna fram á þjáningar dýra. Með lifandi manneskjum sem líta út fyrir að vera dánar og er pakkað í umbúðir eins og kjöt í kæliborði vilja samtökin fá eins marga og hægt er til að hætta að kaupa kjöt og kjötvörur,“ sagði í Svenska Dagbladet.

Beinbrotnuðu í vélsleðaslysi:

Líðan mæðgina eftir atvikum

SLYS Ellefu ára drengnum og móður hans sem lentu í vélsleðaslysi í Grenjarárdal ofan Grenivíkur í fyrradag heilsast eftir atvikum. Bæði beinbrotnuðu, móðirin á mjóðm og drengurinn á fæti, en eru þó ekki alvarlega slösuð.

Mæðginin misstu stjórn á sleða sínum og valt hann yfir þau. Björgunarsveitir voru ræstar út sem og sjúkráflutningamenn og lögregla frá Akureyri. Nokkuð af fólki var á vettvangi og hlúði það að mæðgininum þar til björgunarfólk kom á vettvang. Þau voru flutt til Grenivíkur með snjótróðara og þaðan á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.



GRÆNMETI Villtar jurtir líka vottaðar.

Kennir margra lífrænna grasa:

Lífræn framleiðsla í sókn

LANDBÚNAÐUR Umsókn um lífræna vottun landbúnaðarafurða hefur fjölgað mjög að undanförmu að sögn Gunnars A. Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Vottunarstofunnar Túns, sem annast lífræna vottun hér á landi.

Gunnar segir að á næstu árum megi vænta meiri framleiðslu á lífrænum afurðum á Íslandi miðað við fjölgun umsókna. Auk þess hafi land sem vottað hefur verið til lífræns landbúnaðar stækkað mikið. Einkum hafi orðið vart aukins áhuga á nýtingu villtra íslenskra jurta til vinnslu á margvíslegum hollefnum eins og teblöndum, fæðubótarefnum, snyrtivörum, græðiframleiðslu.

Fjögur ár liðin frá því að innrásarlið Bandaríkjamanna hertók Bagdad:

Írakar mótmæla hernáminu

ÍRAK, AP Tugir þúsunda Íraka fylgdu í gær kalli sjaklerksins Muklada al-Sadr og flyktust út á götur helgu borganna Kufa og Najaf til að mótmæla hernámi landsins, réttum fjórum árum eftir að höfuðborgin Bagdad féll í hendur innrásarliðsins.

Margir göngumannanna voru sveipaðir íraska fánanum og dreifðu miðum þar sem ýmist var lýst yfir andstöðu við hernámið eða stuðningi við Írak og al-Sadr, sem nýtur mikils stuðnings meðal sjáa og hefur nán tengsl við marga helstu ráðamenn landsins.

Mótmælin voru háð í nafni allra Íraka, jafnt súnímúslima sem

sjáa, sem þykir óvenjulegt þar sem stuðningsmenn al-Sadr hafa jafnan barist í nafni sjámúslima, og þá gegn súnímúslimum ekki síður en erlenda herliðinu.

Um helgina hvatti al-Sadr vopnasveitir sínar til að herða enn aðgerðir sínar gegn bandaríska herliðinu og sagði að Íraskir hermenn og lögreglumenn ættu að ganga til liðs við sveitir sínar í baráttunni gegn „erkióvininum“, eins og hann orðaði það.

Strangar öryggisráðstafanir voru gerðar úti um allt land í gær. Meðal annars var sólarhringsbann við allri bifreiðaumferð í Bagdad. Stjórnevöld höfðu lýst því yfir



FÁNUM VEIÐAF Í NAJAF Íraski fáninn var í hávegum hafður á mótmælafundinum í hinni helgu borg Najaf þar sem þúsundir Íraka komu saman í gær.

um helgina að ekkert frí yrði gefið þennan dag, en afturkölluðu það og

sögðu 9. apríl vera almennan frídag.

Rússneskt góðgæti til sölu í Teigakjöri

Asiur í þækli, rauðrófusúpa, dósamjólk og ýmsar aðrar rússneskar matvörur eru í boði hjá Einari Þór Einarssyni sem er kaupmaðurinn á horninu við Laugateig.

VERSLUN Verslunin Teigakjör við Laugateig í Reykjavík er farin að bjóða upp á rússneska matvöru auk allrar almenningar íslenskrar matvöru. „Ég er giftur rússneskri konu og þegar tengdamamma fór að senda gjafir til okkar þá kolféll ég fyrir súkkulaðinu. Það er alveg sérstaklega gott,“ segir Einar Þór Einarsson, kaupmaðurinn á horninu í Teigakjöri.

Einar Þór sér pantar matvöruna frá Rússlandi og býður upp á niðursóðið grænmeti og meðlæti af öllu tagi, til dæmis smágúrurnar asiur í þækli, kex og kökur, fjölbreytt úrval af konfektum og súkkulaði, mjólk í dós, fræ og krydd. Þetta síðastnefnda er nokkuð sem hann langar til að gera út á en kryddpokinn kostar aðeins þrjátíu krónur.

„Ég er með mikið af marin-eruðu grænmeti og súpum, til dæmis rauðrófusúpu og súrkálssúpu, svo er ég með ýmislegt annað eins og sveppi, marinerað eggaldin og léttsaltaðar smágúrur sem eru vinsælastar. Rússar setja smágúrkuna í tunnur eins og við síldina og salta hana. Þetta bera þeir fram sem meðlæti,“ segir Einar Þór Einarsson, kaupmaður í Teigakjöri. Hann hefur nýlega keypt verslunina og ætlar að breyta henni þannig að bæði verði boðið upp á íslenskan og rússneskan mat.

„Verðið er mjög samkeppnishæft. Það er mjög mismunandi og fer eftir gæðum,“ segir hann og tekur dæmi af svörtu tei. Hann býður upp á 250 grömm fyrir 355 krónur en fyrir sama verð fást kannski 100 grömm í öðrum verslunum. „Verðið fer lakkandi hjá mér því að það skiptir máli hve mikið magn ég flyt inn. Því meira sem ég flyt inn þeim mun ódýrari er varan. Ef ég flyt inn heilan gám þá get ég kannski orðið samkepp-



SALTA ASIUR Í TUNNUM „Rússar setja smágúrkuna í tunnur eins og við síldina og salta hana. Þetta bera þeir fram sem meðlæti,“ segir Einar Þór Einarsson, kaupmaður í Teigakjöri. Hann hefur nýlega keypt verslunina og ætlar að breyta henni þannig að bæði verði boðið upp á íslenskan og rússneskan mat.

ishæfur í verði við lágvöruverslanir því að það er enginn milliliður til að hækka verðið.“

Kaupmaðurinn hefur starfað á horninu í Teigahverfinu frá 1948. Þegar Einar keypti verslunina í haust var hún illa farin og er hann því á fullu að gera hana upp, mála, snyrta og prýða. Í kjölfarið vaknaði sú hugmynd að hafa áhersluna bæði á rússneska og íslenska matvöru og kemur það fram á skilti utan á búðinni.



MAHMOUD AHMADINEJAD Íransforseti segist ekki ætla að gefa eftir.

Íranar efla kjarnorkuvinnslu: Hafa stóraukið auðgun úrans

ÍRAN, AP Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, tilkynnti í gær að Íranar hefðu störeflt auðgun sína á úrani. Þeir hefðu tekið í notkun þrjú þúsund skilvindur og væru því færir um að auðga kjarnorkueldsneytið á „iðnaðarstigi“.

Til þessa var einungis vitað um að Íranar hefðu yfir 328 skilvindum að ráða.

Bandarískir sérfræðingar sögðu 3.000 skilvindur nægja til þess að framleiða kjarnorkuvopn, en sögðust þó hafa efasemdir um að Íranar væru í raun færir um að starfrækja svo mörg tæki, sem er afar flókið verk.

LÖGREGLUFRETTIR

Fimm stukku ölvaðir úr bíl

Lögregla varð vör við grunsamlegt ökulag bíls í Lækjargötu í Reykjavík aðfaranótt laugardags. Þegar bílnum var veitt eftirfor stöðvaðist hann skynðilega og út stukku fimm menn sem hlupu hver í sína áttina. Allir náðust og reyndust ölvaðir, en enginn viðurkenndi að hafa setið undir stýri.

Björk hélt sína fyrstu tónleika á Íslandi í sex ár og spilaði lög af nýrri plötu sinni Volta:

Húsfyllir varð í Laugardalshöllinni

MENNING Björk Guðmundsdóttir steig á svið í Laugardalshöllinni í gær og hélt sína fyrstu tónleika hér á landi í sex ár.

Tónleikarnir í Höllinni voru þeir fyrstu í tónleikaferð listakonunnar sem mun ferðast um heiminn næstu átján mánuði og kynna nýjustu breiðskífu sína, Volta. Platan kemur út í maí og fengu gestir Laugardalshallarinnar að hlýða á frumflutning laganna á plötunni.

Um 5.500 manns voru á tónleikunum í gær og að sögn Eldars Ástþórssonar tónleikahaldara hjá Örylgi ehf. seldist upp meðan á tónleikunum stóð.

„Fólk kom í leit að miðum þegar langt var liðið á tónleikana og að lokum seldist upp. Þetta voru frábærir tónleikar og ég hef sjaldan upplifað aðra eins stemningu,“ segir Eldar.

Nýju lögin hennar Bjarkar féllu

vel í kramið hjá tónleikagestum og salurinn stóð á öndinni þegar Antony Hegarty úr Antony & the Johnsons tók lagið með söngkonunni.

Með Björk léku Chris Corsano trommuleikari og Jónas Sen á orgel og hljómborð auk þess sem Mark Bell og Damian Taylor sáu um ýmis raftæki. Þá setti Björk saman tíu kvenna bláasaraveit fyrir tónleikana sem var með henni á sviðinu í gær.

Breska hljómsveitin Hot Chip spilaði fyrir tónleikagesti eftir að Björk hafði lokið flutningi sínum.

KÁTT Í HÖLLINI „Gleðilega páska,“ sagði Björk þegar hún steig á svið í Höllinni. Hún tók mörg sinna þekktustu laga en frumflutti að auki ný lög af plötunni Volta sem kemur út í maí. Platan er sjötta hljóðversplata Bjarkar.



Aldraðir hafa ekki tíma til að bíða lengur

Nú í lok þriðja kjörtímabils ríkisstjórnarinnar mega ríflega 400 aldraðir borgarar, í brýnni þörf, sætta sig við að bíða á biðlista eftir hjúkrunar-rými. Þetta er algjörlega ólíðandi og misbýður réttlætiskennnd minni stórlega. Einnig er það hróplegt óréttlæti að meira en 900 aldraðir þurfi að búa í þvingaðri samvist inn á hjúkrunarheim-illum og að hjónum sé jafnvel stíað í sundur ef þau þurfa mismikla aðhlyningu. Það er kominn tími til að sýna öldruðu fólki þá alúð og virðingu sem það á skilið.

Ég mun setja það í algeran forgang í ríkisstjórn að leysa þennan vanda. Við þurfum 18 mánuði til að vinna verkið sem ríkisstjórnin hefur vanrækt í 12 ár. Í eðli sínu er biðlisti gamla fólksins nefnilega alveg eins og biðlistar barna í Reykjavík eftir leikskólaplássi á valdatíma Sjálfstæðisflokksins áður en Reykjavíkurlistinn kom til sögunnar. Þegar við tókum við stjórn borgarinnar þá breyttum við upp ermar, byggðum fjölda leikskóla um alla borgina og leystum vandann. Nú stöndum við frammi fyrir samskonar áskorun. Hættum að bíða, förum að byggja.

Dr. Þórunn Vilhjálmsdóttir

XS



GENGIÐ 04.04.2007

| GJALDMÍÐLAR | KAUP | SALA |
|-----------------|--------|--------|
| Bandaríkjadalur | 66,42 | 66,74 |
| Sterlingspund | 131,2 | 131,84 |
| Evra | 88,76 | 89,26 |
| Dönsk króna | 11,908 | 11,978 |
| Norsk króna | 10,857 | 10,921 |
| Sænsk króna | 9,511 | 9,567 |
| Japanskt jen | 0,5584 | 0,5616 |

SDR 100,45 101,05

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

120,8434

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Brutust inn til að berjja íbúa: Hraktir í burtu af móðurinni

LÖGREGLUMÁL Tveir karlmenn um tvítugt voru handteknir á Ísafirði aðfaranótt sunnudags fyrir að brjótast inn í heimahús. Þeir töldu sig eiga eitthvað sökótt við einn af íbúum hússins og ætluðu að gera upp sakirnar með ofbeldi. Þeir spörkuðu upp útiðyrhúrdinni vopnaðir bareflum.

Móðir ætlaðs fórnarlamb tók á móti þeim þegar þeir komu inn, hrakti þá út úr íbúðinni og hringdi á lögreglu. Annar manna var yfirheyrður þá um nóttina og sleppt að því loknu, hinn var of ölváður og var því látinn sofa úr sér. Hann var yfirheyrður á sunnudag. - sh

Orðljótur flugmaður:

Fluginu frestað vegna blótsyrða

BANDARÍKIN, AP Flugfarvegavélar frá Las Vegas til Detroit var aflýst á laugardag vegna ljóts orðbragðs sem flugmaður vélarinnar viðhafði í áheyrn farþega, auk þess sem hann blótaði einum farþega í sand og ösku.

Meðan farþegar voru að ganga um borð í vélina var flugmaðurinn í heiftarlegum samræðum í farsíma, fyrst í flugstjórnarklefanum en gekk síðan fram og inn á salerni þar sem hann hélt áfram samtalinu svo allir heyrðu.

Flugmanninum var skipað að yfirgefa vélina og verður málið rannsakað, en farþegar fengu mat og gistingu í boði flugfélagsins, Northwest Airlines. - gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Sniffuðu gas og kveiktu eld

Tveir ungir menn meiddust á föstudag þegar þeir voru að sniffa gas í bíl og kveiktu sér að því loknu í sigarettu. Að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu brenndust þeir nokkuð á andlíti og höndum og þurftu að leita sér aðhlyningar á slysaðeild.

Fylgiskar hafa keypt heildsölu og ný verslun verður opnuð á Laugavegi:

Hætt við verslun í Flugstöðinni

VERSLUN Fylgiskar hafa hætt við að opna verslun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þar sem samkomulag náðist ekki milli aðila í hönnunarferlinu, að sögn Guðbjargar Glóðar Logadóttur, eiganda Fylgiskara. Hún segir að Fylgiskar hafi dregið sig til baka fyrir nokkrum vikum og keypt í staðinn litla heildsölu og verslun á Laugavegi.

„Við vorum búnin að skrifa undir sjö ára samning en sáum okkur ekki ná því að starfa með Flugstöðinni þessi sjö ár. Ferlið var of þungt og laust við alla sköpun og frelsi, allt of boðslega stíft og þungt í vöfum. Svo náðum við ekki saman í hönnunarferlinu, þeir vildu að við gerðum þetta öðruvísi en við vildum og þá var þetta ekki að ganga,“ segir Guðbjörg Glóð.

Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri Flugstöðv-



LAUST VIÐ SKÖPUN „Ferlið var of þungt og laust við sköpun og frelsi,“ segir Guðbjörg Glóð Logadóttir, eigandi Fylgiskara.



HAFÐI EKKI SLAGKRAFT „Þessi aðili hafði ekki þann slagkraft sem þarf,“ segir Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri Flugstöðvarinnar.

ar Leifs Eiríkssonar, segir að sextíu verslunar- og veitingafyrirtæki hafi sótt um að komast í Flugstöðina. Eftir forvalsferlið hafi komið í ljós að eitt fyrirtæki, sem ekki hafi verið byrjað með rekstur, hafi ekki haft „þann slagkraft og þol“ sem þurft hafi.

„Rekstur í Flugstöðinni krefst mikils umfangs, bæði kringum starfsmannahald og rekstur. Það kom í ljós að þessi aðili hafði ekki þann slagkraft sem þarf þannig að það var samkomulag milli aðila að fara ekki lengra með málið og gengið frá samningslitum,“ segir hann og bendir á að rekstur í Flugstöðinni gangi vel hjá þeim sem hafi opnað nýjar búðir og veltuaukning sé upp á tugi prósent.

Fylgiskar opna nýja verslun, Fylgiskar-olíur og krydd, að Laugavegi 51 í vikunni. - ghs

Fáfræði réð ríkjum

Fyrirverandi ráðherra í bráðabirgðastjórn Íraks eftir innrásina gagnrýnir harðlega afdrifarík mistök sem stjórn landsins gerði eftir að Bandaríkjamenn náðu þar ítökum. Innrásarliðið hafi fælt landsmenn frá sér með fáfræði sinni.

NEW YORK, AP „Í staðinn fyrir sundrað og spiltt ríki Saddams kom sundrað, óhagkvæmt, óhæft og spiltt ríki hins nýja skipulags,“ segir Ali A. Allawi í nýútkominni 500 blaðsíða bók sinni, Hernám Íraks.

Allawi ætti að vita hvað hann segir því sjálfur var hann inn-ansbúðarmaður í nýju stjórninni í Írak frá árinu 2003, ýmist viðskipta-, varnarmála- eða fjármálaráðherra. Hann fullyrðir nú að Bandaríkjamenn hafi staðið sig svo skelfilega að Írakar hafi upp til hópa „snúið baki við þeim sem ætluðu að frelsa þá“.

Allawi er fyrstur ráðamanna í Írak til þess að skrifa bók um raunir Íraka undanfarin fjögur ár frá því Bandaríkjamenn og Bretar réðust inn í landið til að steypa Saddam Hussein af stóli.

Nú er svo komið að einu bandamenn Bandaríkjanna í Írak eru þeir sem „reyna að hafa áhrif á valdakerfið til þess að þjóna sínum eigin þröngu hagsmunum. Það hefði getað verið öðru vísi“.

Hann gagnrýnir jafnt Bandaríkjamenn sem Íraka og segir gerðir þeirra hvað eftir annað byggðar á „fáfræði“.

Fyrst kom hin „gríðarlega fáfræði“ þeirra ráðamanna í Washington sem árið 2002 lögðu allt kapp á að fara í stríð án þess að hafa „minnstu hugmynd“ um raunveruleikann í Írak. „Þeir sem báru betra skynbragð á hlutina sáu strax að innrásin í Írak myndi rífa upp djúpar sprungur í írösku samfélagi.“

Eftir fylgdu svo „viðvæningsháttur og yfirgangshroki“ hernámsins á tímum bráðabirgðastjórnar bandaríska hershöfðingjans L. Pauls Bremer, þegar stórar ákvarðanir voru teknar án nokk-



ALI ALLAWI Fyrirverandi varnarmálaráðherra Íraks vandar innrásarliðinu ekki kveðjurnar í nýrri bók. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Peir sem báru betra skynbragð á hlutina sáu strax að innrásin í Írak myndi rífa upp djúpar sprungur í írösku samfélagi.

ALI A. ALLAWI FYRRVERANDI RÁÐHERRA

urs samráðs við heimamenn. Allawi er ekki einn um að telja margar þessara ákvarðana mikil mistök.

Meðal þeirra stærstu er sú ákvörðun að leysa upp íraska herinn, sem varð til þess að fyrirver-

andi hermenn gengu til liðs við uppreisnarsveitir gegn hernáminu. Önnur mistök voru þau að reka flokksmenn úr Baath-flokki Saddams úr stjórnkerfinu, sem varð til þess að stjórn landsins var sett í hendur reynslulítilla manna.

Allawi telur í bók sinni upp fleiri afdrifarík mistök bráðabirgðastjórnarinnar, svo sem áherslu á einkavæðingu atvinnulífsins sem varð til þess að „viðskiptaþrjótur“ frá dögum Saddams hafi lagt undir sig fyrirtækin í landinu. Sömuleiðis hafi bráðabirgðastjórnin haldið eldsneytisniðurgreiðslum Saddams, selt bensín á gjafverði og þannig þurraðið ríkissjóðinn. - gb

Sófinn góði ófundinn:

Líklega seldur í Kópavoginn

FÓLK Sófinn sem Arnþór Helgason tónlistarmaður leit-

ar logandi ljósi að hefur ekki komið í leitirnar. Sófinn var fyrir slysi sendur í Góða hirðin í mars og var seldur þar, að öllum líkindum föstudaginn 30. mars. Sófinn er ættargripur og átti ekki að fara í Góða hirðin. Þangað átti hins vegar snyrtiborð að fara.

„Mér var tjáð að sennilega hefði sófinn farið suður í Kópavog og jafnvel lent hjá eiganda hárgreiðslustofu. Ef hann skilar sér ekki á næstunni ætlum við að auglýsa einu sinni enn en teljum annars að hann sé glataður. Við viljum gjarnan kaupa hann aftur af þeim sem keyptu hann í Góða hirðinum,“ segir Arnþór. - ghs



ARNÞÓR HELGASON

Ökumaður sviptur réttindum:

Reyndi að flýja á ofsahraða

LÖGREGLUMÁL Rúmlega þrítugur karlmaður var sviptur ökuréttindum í fyrrinótt eftir að hafa ekið á rúmlega þreföldum hámarkshraða á Reykjanesbraut og reyna að flýja réttvísa.

Lögreglan mældi manninn á 160 kílómetra hraða á Reykjanesbraut rétt við IKEA, þar sem hámarkshraði er 50 kílómetrar á klukkustund vegna framkvæmda. Hann sinnti ekki stöðvunarkerkjum, gaf í og stöðvaði ekki fyrr en í Kópavogi.

Hann var sviptur ökuréttindum á staðnum en vildi ekki kannast við ofsaksturinn þegar rætt var við hann. Hann mun ekki hafa verið undir áhrifum. - sh

BÍLL DAGSINS

MITSUBISHI L200 2.5

Nýskr. 03.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 81 þús. km. - Allt að 100% lán.



Verð 2.140.000.-


Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


VEÐURSPÁ

um hádegi »




um hádegi »

» á morgun



» fimmtudagur



* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



KJÖRKASSINN



Angrar veggjakrot þig?

| | |
|-----|-------|
| Já | 23,3% |
| Nei | 76,7% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fékkst þú páskaegg?

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Arnold Schwarzenegger:

Flytur ræðu fyrir Cameron

LONDON, AP Breski íhaldsflokkurinn hefur fengið Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóra í Kaliforníu, til þess að halda aðalræðu á flokksþingi sínu næsta haust.

„Schwarzenegger ríkisstjóri náði því fram að straumhvörf urðu á gengi flokks hans í Kaliforníu og sem ríkisstjóri hefur hann sýnt af sér stórkostlega leiðtogafileika – ekki síst með því að hafa frumkvæði að aðgerðum til verndar umhverfinu og ná þar með eyrum pólitískra andstæðinga sinna,“ sagði David Cameron, leiðtogi breska íhaldsflokksins, þegar hann skýrði frá því á sunnudag að Schwarzenegger yrði aðalræðumaður flokksþingsins. - gb



RÍKISSTJÓRI KALIFORNÍU Flytur aðalræðu á flokksþingi breska íhaldsflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



LÍTIL PÁSKALÖMB Á páskadag komu tvö lömb í heiminn á bænum Dalabúi í Vestmannaeyjum. Bændurnir Sigurmundur G. Einarsson og Gísli Óskarsson voru að sjálfsgöngu himinlifandi með lömbin, sem eru óvenju snemma á ferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



Verið velkomin
á landsfund
Samfylkingarinnar
í Egilshöll
13.–14. apríl.

XS

Samfylkingin

Borgarbúar flykktust heim úr páskafríinu

Mikill straumur fólks var inn í höfuðborgina í gærkvöldi. Flestir voru að koma frá Ísafirði og Akureyri. Allt fór vel fram á fjölmennustu stöðunum um helgina.

FERÐALÖG Talsverður straumur ferðalanga var til höfuðborgarinnar um kvöldmatarleytið í gær þegar fólk flykktist heim úr páskafríi og náði bílalestin langt út fyrir bæinn bæði á Suðurlands- og Vesturlandsvegi. Flestir voru að koma af tónlistarhátíð á Ísafirði eða úr skíðaferðalagi á Akureyri, og svo virðist sem vinsældir ferðalaga um landið um páska aukist með ári hverju. Þá var einnig mjög mikil umferð til borgarinnar um Suðurlandsveg í gær.

Talið er að í kringum 3.000 manns hafi lagt leið sína til Ísafjarðar um helgina á Rokkhátíð alþýðunnar – Aldrei fór ég suður. Að sögn lögreglunnar á Ísafirði er þetta langmesta aðsókn á hátíðina frá því að hún var fyrst haldin árið 2004. Allt fór vel fram og aðeins einn þurfti að gista fangaklefa fyrir ölvunar-læti. „Þetta hefur gengið frábærlega. Þetta sýnir Íslendingum bara að við getum vel skemmt okkur án þess að vera stöðugt að berja hver annan,“ segir varðstjóri lögreglu.

Nokkuð jöfn umferð var frá Ísafirði í allan gærðag að sögn lögreglu og gekk hún mjög vel. Einingis nokkrir bílar festu sig á nokkuð slæmum veginum yfir Eyrarfjall en annars var greiðfært á öllum vegum um helgina.

Stríður straumur var einnig til Akureyrar fyrir helgi. Gott skíða-færi í Hlíðarfjalli virtist vera aðdráttaraflíð fyrir marga, enda blíðviðri og sól af og til.

Varðstjóri lögreglunnar á Akureyri sagðist ekki hafa tölur yfir það hversu margir komu í bæinn um helgina. „En það voru mjög margir. Það er alveg ljóst.“ Á rúmlega tveggja klukkustunda tímabili á fimmtudagskvöld stöðvaði lögreglan hvern einasta bíl sem



BÍLALEST Mikil umferð var víða um land í gær þegar ferðalangar sneru heim eftir páskafrí. Mestur mannfjöldi var á Ísafirði og á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

kom til bæjarins og voru þeir á bilinu 400 til 500 talsins á þeim tíma, þannig að óhætt er að fullyrða að nokkur þúsund gestir hafi verið í bænum um helgina. Þar fór allt vel fram líkt og á Ísafirði og lögðu flestir af stað heim á leið upp úr hádegi í gær.

stigur@frettabladid.is

ALDREI FÓR ÉG SUÐUR 3000 manns lögðu leið sína á rokkhátíðina í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR



+ BETRI LEIÐ TIL
AÐ HÆTTA

FÁÐU REYKLAUSA BÓK
Í NÆSTU VERSLUN
LYFJU



FRÍ BÓK

ISLENSKA/SALA.IS/LYFJASALA.IS/07

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur - Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrúkur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

LYFJA
- Lífið heil

www.lyfja.is

LÉTT
BYLGJAN
967

- RÉTTU LÖGIN... ALLTAF!

Landlæknisembættið telur brýnt að fjölga hjúkrunarfræðingum:

Stór hluti á leið á eftirlaun

HEILBRIGÐISMÁL Landlæknisembættið segir að skortur á hjúkrunarfræðingum geti ógnað öryggi sjúklinga. Fjölga þarf nemum í hjúkrunarfræði til þess að sporna við manneklunni en um fjörutíu prósent allra starfandi hjúkrunarfræðinga fara á eftirlaun á næsta áratug.

„Við höfum miklar áhyggjur af þessu vandamáli,“ segir Laura Scheving Thorsteinsson, hjúkrunarfræðingur og verkefnisstjóri hjá landlæknisembættinu og lektor við Háskóla Íslands. Hún segir að þróunin í heilbrigðisgeiranum sé á þann veg að þörfin fyrir hjúkrunarfræðinga aukist stöðugt.

Alþingi samþykkti nýlega fjárveitingu sem gerir Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri kleift að taka inn 153 nemendur



ERFITT STARF Hjúkrunarfræðingar fara tiltölulega snemma á eftirlaun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

í hjúkrun frá og með þessu ári. Samkvæmt nýlegri skýrslu Félagss íslenskra hjúkrunarfræðinga þyrftu þeir hins vegar að vera um 190 talsins. Tæplega 600 hjúkrunarfræðinga vantar til þess að leysa

úr manneklunni en í ár útskrifast 111 hjúkrunarfræðingar frá skólunum tveimur.

„Þetta strandar allt á peningum. Ef það á að fjölga nemendum kostar það aukinn mannskap og aðbúnað í skólunum,“ segir Laura og bendir á að alls ekki megi slaka á kröfunum í náminu.

Að sögn Lauru er ekki nóg að fjölga nemendum í hjúkrunarfræði. „Það þarf að lengja starfsaldur hjúkrunarfræðinga. Meðalaldur þeirra sem fara á eftirlaun er 64 ár sem er óvenju ungt. Hér áður fyrr voru útskrifaðir stórir árgangar og því er staðan sú núna að um fjörutíu prósent allra hjúkrunarfræðinga fara á eftirlaun á næstu tíu til fimmtán árum. Það er verulegt áhyggjuefni,“ segir Laura. - þo



ora

Ástríða í matargerð

Láttu hjartað ráða
og veldu hollara álegg*



*Sardínur eru ríkar af kalki og Omega-3 fitusýrum en hvort tveggja gegnir mikilvægu hlutverki í uppbyggingu og viðhaldi líkamans.

VEISTU SVARIÐ?



1 Hvaða hljómsveit tróð upp á eftir Björk á tónleikum í Laugardalshöll í gær?

2 Í hvaða sæti lenti íslenska handboltalandsliðið á nýafstöðnu æfingamóti í Frakklandi?

3 Hvað heita systurnar í dúettinum Hara sem lenti í öðru sæti í X-Factor á föstudaginn?

SVÖR Á BLS. 30

Innlendir og erlendir fjárfestar tengdir Baugi og FL Group eignast bréf í Glitni:

Saxbygg og Jötunn bæta við sig

VIÐSKIPTI Viðskiptafélagar Baugs og FL Group bættu við eignarhlut sinn í Glitni fyrir páska.

Saxbygg Invest og Saxsteinn ehf., dótturfélög Saxbyggs sem er í eigu eignarhaldsfélags Nóatúnsfjölskyldunnar og Gylfa og Gunnars í BYGG, hafa eignast fimm prósent hlut í Glitni og halda nú utan um 5,69 prósent. Kaupverðið nemur tæpum 21 milljarði króna.

Enn fremur hefur Jötunn Holding aukði hlut sinn í bankanum um 2,5 prósent fyrir rúma tíu milljarða króna og á nú 6,85 prósent í bankanum. Félagið er að meirihluta í eigu Sir Toms Hunter, ríkasta manns Skotlands, en aðrir

hluthafar eru Baugur Group og eignarhaldsfélagið Fons, sem er í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar.

Kauping hafði milligöngu um viðskiptin, en Karl Wernersson í Milestone og Einar Sveinsson, stjórnarformaður Glitnis, seldu bankanum bréf fyrir alls 110 milljarða króna á genginu 27,82 krónur á hlut. Bankinn ábyrgist sölu Glitnisbréfanna eigi síðar en 16. apríl en kaupir þau ella. Seljendur hverfa ekki alveg úr hluthafahópi Glitnis því félag í þeirra eigu kaupir hluta af því sem selt var. Ekki liggja fyrir upplýsingar um aðra kaupendur að svo stöddu. - epa



GLITNIR Fjárfestar tengdir Baugi og FL Group hafa eignast bréf í bankanum.

Réttindalaus tekinn í fjórgang:

Faldi bílinn á bak við fjósið

LÖGREGLUMÁL Ökumaður númerslaus bíls reyndi að stinga lögregluna á Akureyri af á föstudag, ók að næsta sveitabæ og faldi bílinn á bak við fjós. Lögreglan fann ökumanninn og bílinn fljótlega.

Í ljós kom að lögreglan á Blönduósi hafði klippt númerin af bílnum nóttina áður þar sem hann hafði ekki verið skoðaður á tilsettum tíma. Ökumaðurinn, ungur piltur, var greinilega ölvaður og var færður til skýrslutöku. Þar viðurkenndi hann að hafa verið ökuréttindalaus frá árinu 2002, auk þess sem þetta var fjórða umferðarlögreglu hans það sem af er aprílmánuði. - sh

Handleggsbrotnaði í slysi:

Ók út í stórgrýti

LÖGREGLUMÁL Ökumaður fólksbíls með þremur farþegum handleggsbrotnaði þegar bílinn fór út af veginum á Hólmahálsi á milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar aðfaranótt laugardags og lenti í stórgrýti.

Sjúkralið, lækni og tækjabil voru kölluð út vegna þess að óttast var að einn farþeginn hefði meiðst á baki og hálsi. Fjarlægja þurfti framrúðu bílsins til að ná honum út. Hann var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað en reyndist minna meiddur en haldið var í fyrstu. - sh

Pervez Musharraf forseti Pakistan ekki í sáttahug :

Ekki samið við Bhutto

PAKISTAN. AP Pervez Musharraf, forseti Pakistans, hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem hann neitar því að stutt sé í samning við stjórnarandstöðuna sem feli meðal annars í sér að Benazir Bhutto, fyrrverandi forseti, geti snúið heim úr útlegð.

Í fjölmiðlum höfðu birst fréttir um að slíkur samningur væri í vöndum. Tilgangur Musharrafs væri sá að draga úr andstöðu við sig, sem harðnaði mjög eftir að hann rak dómara úr hæstarétti landsins. - gb



MUSHARRAF HERSHÖFINGI Forseti Pakistans ekki í sáttahug. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bhutto hefur verið í útlegð síðan 1999 en hún er enn leiðtogi stærsta stjórnarandstöðuflokksins í Pakistan. - gb



Á FLUGVELLINUM Í ÍRAN Bresku fangarnir fimmtán eftir að Íranar höfðu ákveðið að láta þá lausa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Varnarmálaráðherra Bretlands skipti um skoðun:

Bannar hermönnum að tjá sig um fangavist

LONDON. AP Varnarmálaráðherra Bretlands, Des Browne, lagði í gær bann við því að breskir hermenn seldu fjölmiðlum sögur af störfum sínum. Þetta var gert eftir að ráðuneytið var gagnrýnt harðlega fyrir að leyfa sjóliðunum fimmán sem voru í haldi Írana í tvær vikur að ræða við fjölmiðla um reynslu sína gegn greiðslu. Tveimur þeirra tókst að gera það áður en það var bannað í gær.

Browne sagði að það hefði ekki skilað tilætluðum árangri að leyfa hermönnum að tjá sig, en það var gert vegna þess að talið var að hægt væri að hafa betri heimil á fréttaflutningnum fengu sjóliðarnir að segja sögu sína sjálfir. Bresku dagblöðin Sun og Daily Mirror birtu í gær viðtöl við tvo af bresku sjóliðunum.

Faye Turney, 25 ára liðsforingi og eina konan í hópi fanganna, segist í viðtalinu hafa staðið í þeirri trú að fjórtán félagar henn-

ar hefðu verið sendir heim og hún væri ein eftir í haldi Írana. Hún segist hafa fengið klukkutíma til að hugsa sig um hvort hún vildi gera skriflega játningu, að öðrum kosti yrði hún kærð fyrir njósnir og þyrfti að dúsa í fangelsi árum saman.

Miklar deilur spruttu vegna ákvörðunarinnar um að heimila sjóliðunum að segja sögu sína.

„Ég tel það óheppilegt að varnarmálaráðuneyti skuli nota sjómennina og sjóliðana með þessum hætti,“ segir Patrick Cordingley, fyrrverandi herforingi. „Ráðuneytið notar þá nánast sem áróðurstæki og það virðist vera að hvetja okkur til að pirra okkur á Íran frekar en að halda áfram viðræðum.“

Hvorki fjölmiðlarnir né hermennirnir hafa gefið upp hve háar greiðslur þeir fengu fyrir að segja sögu sína, en Turney segist ekki hafa tekið hæsta tilboðinu. - gb / - sh

Viðskiptahugbúnaður sem vex með þér!

Fullkominn viðskiptahugbúnaður fyrir aðeins **128.500 kr.**

Nú býðst þér einstakt tækifæri til að eignast viðskiptahugbúnað sem getur vaxið með þér og þínu fyrirtæki!

Við hjá Landsteinum Streng höfum mikla reynslu af sölu, þjónustu og þróun viðskiptahugbúnaðar fyrir íslenskan markað. Nú höfum við sett saman tilboð sem er sérsmíðað að þörfum minni fyrirtækja og tryggir þér viðskiptahugbúnað sem getur vaxið með fyrirtækinu án nokkurra takmarkana.

Tilboðið samanstendur af nokkrum grunneiningum úr Microsoft Dynamics NAV og uppfyllir allar helstu þarfir hvaða fyrirtækis sem er. Þessar einingar eru:

Fjárhagsbókhald

Sölureikningar

Bankareikningar

Viðskiptamanna- og sölubókhald

Lánardrottna- og innkaupakerfi

Birgðabókhald

Forðabókhald

Eignakerfi

Starfsmannahald

Tengslastjórnun (CRM)

Með þessum grunneiningum er þér tryggður viðskiptahugbúnaður sem hentar sérstaklega vel minni fyrirtækjum sem þurfa að halda utan um viðskipti sín á auðveldan en skipulagðan hátt. Við þennan grunn er síðan hægt að bæta fjölda sérkerfa eftir þörfum.

Peim sem nýta sér þetta sérstaka tilboð býðst 50% afsláttur af Innheimtakerfi, Launabókhaldi og Tollakerfi.

Tryggðu þér traustan grunn og hafðu samband við söludeild okkar í síma 550 9000.

Microsoft Business Solutions Global ISV Partner of the Year 2005

Lausnir frá Landsteinum Streng eru notaðar í fleiri en 11.600 verslunum með yfir 28.000 afgreiðslukössum víðsvegar um heim. Meðal ánaegðra viðskiptavina má nefna: IKEA, Adidas, Debenhams, Pizza Hut, Booths stórmarkaðna, Alliance Pharmacy og Concept Sports International (EM 2004, ÓL í Aþenu árið 2004).



Landsteinar Strengur

Ármúla 7 - 108 Reykjavík - Sími 550 9000 - www.ls.is



Microsoft GOLD CERTIFIED

Partner

*Verð er án vsk. og vélbúnaðar. **Gildir fyrir fyrirtæki með allt að fimm samtimeanotendum.

Síðustu námskeið á vorönn að hefjast

Almenn tölvunámskeið

| Námskeið: | Hefst: | Tími: | Verð: | Staður: |
|------------------|-----------|--------------|--------|---------|
| Byrjendur | 16. apríl | morgun/kvöld | 32.900 | AK/REK |
| Almennt tölvunám | 17. apríl | morgun/kvöld | 39.900 | AK/REK |
| Word | 24. apríl | morgun/kvöld | 21.000 | AK/REK |
| Excel | 10. maí | morgun/kvöld | 21.000 | AK/REK |
| Outlook | 30. maí | morgun/kvöld | 9.000 | AK/REK |

Eldri borgarar 60+

| Námskeið: | Hefst: | Tími: | Verð: | Staður: |
|-----------|-----------|---------------|--------|---------|
| Byrjendur | 16. apríl | mán/mið 13-16 | 19.500 | AK/REK |
| Framhald | 17. apríl | þri/fim 13-16 | 19.500 | AK/REK |

Vefur - grafík - ljósmyndun

| Námskeið: | Hefst: | Tími: | Verð: | Staður: |
|----------------------|-----------|-------|--------|---------|
| Photoshop grunnur | 16. apríl | kvöld | 24.000 | AK/REK |
| Photoshop ljósmyndun | 30. apríl | kvöld | 29.000 | AK/REK |
| Illustrator | 30. apríl | kvöld | 49.900 | AK/REK |
| Dreamweaver | 3. maí | kvöld | 29.000 | AK/REK |
| Flash | 7. maí | kvöld | 28.000 | AK/REK |
| Stafrænar myndavélar | 16. apríl | kvöld | 15.000 | AK/REK |

MCP & MCSA

| Námskeið: | Hefst: | Tími: | Verð: | Staður: |
|---------------------------------|-----------|-------|--------|---------|
| Network Infrastructure (70-291) | 18. apríl | kvöld | 89.900 | REK |
| Exchange Server (70-284) | 19. maí | kvöld | 89.900 | REK |

Skrifstofunám

| Námskeið | Hefst | Tími | Verð | Staður |
|---------------------------|-----------|--------------|--------|--------|
| Navision-fjárhagsbókhalda | 26. apríl | morgun/kvöld | 49.900 | REK |
| Tollskýrslugerð | 16. maí | morgun/kvöld | 28.000 | REK |



Byrjendanámskeið

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færara um að nota tölvuna sjálfstætt m.a. til að skrifa texta, læra að nota internetið og meðhöndla tölvupóst.

Kennt er tvisvar í viku, mánudaga og miðvikudaga. Hægt er að velja um morgun- eða kvöldnámskeið.

Hefst 16. apríl. Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,- Kennslubók innifalin.

Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

Helstu kennslugreinar:

- Windows tölvugrunnur og skjalavarsla
- Word
- Excel
- Internet og Outlook tölvupóstur.

Kennt er tvisvar í viku, þriðjudaga og fimmtudaga. Hægt er að velja um morgun- eða kvöldnámskeið.

Hefst 17. apríl. Lengd 63 std. Verð kr. 39.900,- 3 kennslubækur innifaldar.

Stafrænar myndavélar

Stutt og hnitmiðað nám fyrir byrjendur. Farið yfir helstu stillingar, flytja myndir í tölvu og skipuleggja myndasafnið. Einfaldar lagfæringar mynda og myndbygging. Heimaprentun/framköllun, myndir sendar í tölvupósti, brenndar á CD/DVD diska ofl. Þátttakendur læra að sækja og nota Picasa forritið.

Næsta námskeið hefst 16. apríl. Lengd 14 std. Kennt er þriðju kvöld. Verð kr. 15.000,-



Eldri borgarar

Byrjendur

30 kennslustunda byrjendanámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færara um að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.

Hefst 16. apríl. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16.

Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

Framhald I

30 kennslustundir. Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu í Word. Framhaldsæfingar á Internetinu og í allri meðferð tölvupósts.

Hefst 17. apríl. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16.

Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.



TÖLVUSKÓLINN
ÞEKKING

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

REYKJAVÍK & AKUREYRI

LAGAÐEILD



DÓMUR HÆSTARÉTTAR Í OLÍUMÁLINU

Málstofa miðvikudaginn 11. apríl kl. 12.15 í Lögbergi stofu 101



Eiríkur Tómasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands: Er niðurstaða Hæstaréttar í samræmi við meginregluna um réttláta málsmeðferð í skilningi 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu?



Róbert R. Spanó, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands: Er hægt að draga einhverjar ályktanir af dómi Hæstaréttar í Olíumálinu um kröfur til skýrleika refsheimilda á sviði efnahagsbrota?



Fundarstjóri: Viðar Már Matthíasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands

Allir velkomnir

Nánari upplýsingar á www.lagadeild.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS www.hi.is

VERKFRÆÐI



MEISTARANÁM VIÐ VERKFRÆÐIDEILD HÍ MARKVISST OG ÖFLUGT NÁM Á TRAUSTUM GRUNNI

OPIÐ HÚS

miðvikudaginn 11. apríl kl. 16–18, Tæknigarði, Dunhaga 5

- Byggingarverkfræði
- Eðlisverkfræði **NÝTT***
- Fjármálaverkfræði **NÝTT***
- Hugbúnaðarverkfræði
- Iðnaðarverkfræði
- Lífverkfræði **NÝTT***
- Matvælarverkfræði **NÝTT***
- Rafmagns- og tölvuverkfræði
- Reikniverkfræði **NÝTT***
- Tölvunarfræði
- Umhverfisverkfræði
- Vélaverkfræði
- Um 100 námskeið í boði
- Kennarar í fremstu röð á sínu sviði
- Nálægð stúdenta við kennara auðveldar námið
- Góð vinnuaðstaða
- Ýmsir möguleikar á styrkjum
- Sterk tengsl við atvinnulífið
- Einfalt að taka hluta námsins erlendis hjá virtum samstarfsskólum

Komdu í heimsókn og fáðu nánari upplýsingar – við tökum vel á móti þér!

Umsóknarfrestur er til 20. apríl

*Stefnt er að því að nám hefjist haustið 2007

www.verk.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS www.hi.is

Tólf bílaþjónustufyrirtæki hafa verið sameinuð í eitt:

Esso-merkin hverfa í vikunni

VERSLUN Olíufélagið Esso, Bíla-naust, Ísdekk og níu önnur bílaþjónustufyrirtæki hafa verið sameinuð í eitt stórt rekstrarfélag. Þessa dagana er verið að taka niður Esso-merkið á bensinstöðvum Esso og um næstu helgi verður nýtt nafn þessa sameinaða félags gert opinbert.

„Við höfum sagt upp öllum samningum við Esso um að nota vörumerki fyrirtækisins til að merkja útsölastaði okkar,“ segir Hermann Guðmundsson, forstjóri Esso. Hann segir að við sameininguna verði félagið orðið svo stórt að ekki sé lengur þörf á erlendu vörumerki til þess að skilgreina starf-

semina. „Esso-vörurnar munu að sjálfsögðu ennþá fást á útsölastöðum okkar en við munum ekki kenna okkur við þær,“ segir Hermann sem vill ekkert gefa uppi um nýtt nafn félagsins.

Verið er að vinna að því að taka niður Esso-merkin á bensinstöðvum víða um land en að sögn Hermanns eru útsölastaðirnir níutíu talsins. Sameinaða félagið verður með um 115 útsölastaði þar sem boðið er upp á hvers kyns þjónustu fyrir bifreiðaeigendur.

NÝTT ÚTLIT

Verið er að taka niður merkingar á níutíu útsölastöðum Esso um land allt.



Tekinn við ólöglegar veiðar:

Réðust til uppgöngu í smábát

LÖGREGLUMÁL Löggæslumenn frá Landhelgisgæslunni réðust í gær til uppgöngu í handfærabát sem staðinn var að meintum ólög-mætum veiðum á friðunarsvæði í Faxaflóa. Löggæslumenn skoðuðu skipsskjöl um borð og tóku skýrslu af skipstjóranum sem kvaðst ekki hafa vitað betur.

Þá var skipstjóranum gert að halda til hafnar í Reykjavík og þar tóku lögreglumenn á móti honum. Maðurinn fær ekki að fara aftur á sjó fyrr en málinu er lokið en það verður kært til lögreglu.

LÖGREGLUFRETTIR

Steig í hver og brenndist

Erlend kona brenndist á fæti þegar hún steig ofan í heitan leirhver á stór-hættulegu svæði við golfvöllinn í Hveragerði í gær. Jörðin brast undan konunni þar sem hún var á gangi. Ekki er vitað hversu mikið konan brenndist.

Lausir endar knýttir í dag eða á morgun

Forystumenn Íslandshreyfingarinnar eru að leggja lokahönd á framboðslista. Gert er ráð fyrir að Margrét Sverrisdóttir leiði listann í Reykjavík Norður og Ómar Ragnarsson í Reykjavík Suður.

STJÓRNMÁL

Forystumenn Íslandshreyfingarinnar eru að leggja lokahönd á tillögur að framboðslistum í öllum kjördæmum, sérstaklega að ganga frá röðun einstaklinga í annað og þriðja sæti. Forystumennirnir hittust á fundi í gær til að hnýta lausa enda. Þeir áttu boðaðan fund í morgun og ætluðu að honum loknum í ferðalag um landið. Búist er við að uppstillingarnefnd gangi frá framboðslistum í dag eða á morgun og að þeir verði kynntir í lok vikunnar.

Mikil leynd hvílir yfir því hverjir verða í framboði fyrir hönd Íslandshreyfingarinnar í komandi þingkosningum. Fram hefur komið að líklegt þyki að Ómar Ragnarsson formaður og Margrét Sverrisdóttir, varaformaður Íslandshreyfingarinnar, leiði listana í Reykjavík, Ómar í Reykjavík Suður og Margrét í Reykjavík Norður. Ásta Þorleifsdóttir jarðfræðingur er orðuð við oddvitasætið í Suðurlkjördæmi og Ósk Vilhjálmsdóttir myndlistarmaður sömuleiðis, líklega í Suðvesturkjördæmi.

Jakob Frímánn Magnússon starfar í leiðtogasveit Íslands-



MARGRÉT SVERRISDÓTTIR



JAKOB FRÍMÁNN MAGNÚSSON



ÓMAR RAGNARSSON



ÓSK VILHJÁLMSDÓTTIR



ÁSTA ÞORLEIFSDÓTTIR

hreyfingarinnar en hann hefur ekki gefið upp hvort hann hyggist taka oddvitasæti. Jakob segir málin í góðum farvegi, framboðslistunum þurfi ekki að skila inn fyrr en 26. apríl þó að buast megi við að framboðslistarnir verði kynntir síðar í vikunni. „Þetta er nokkurn veginn frágengið,“ segir Jakob Frímánn. „Við erum að ganga frá síðustu lausu endunum. Það er mikið af mætu fólki sem hefur ákveðið að ganga til liðs við hreyfinguna og gefa kost á sér þannig að við höfum tekið fagnandi ýmsum góðum liðsmönnum,“ segir hann.

Spurður um framboð segist hann kannski vera „einn af þeim endum sem verða knýttir“ fyrir lok dagsins. „Ég er ekki búinn að gefa það endanlega upp hvernig ég haga því. Ég haga mér eins og vatnið í þeim efnunum, ég fer þangað sem þörfin er mest ef þörf reynist vera á því,“ segir hann.

Ólafur Hannibalsson hefur verið nefndur í tengslum við framboð Íslandshreyfingarinnar. „Ómar Ragnarsson hefur verið í sambandi við mig en ég lét þau algjörlega um það að kynna listann þegar þar að kemur. Ég hef verið jákvæður gagnvart þessari hreyfingu Ómars en geri ráð fyrir að þetta skýrist eftir páska-ana,“ segir Ólafur.

ghs@frettabladid.is

Sjö mánuðir fyrir þjófnáði og rof á skilorði:

Stal rafhlöðum og sokkapörum

DÓMSMÁL Hálfþrítugur maður var á mánuðag dæmdur í sjö mánaða fangavist í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir þjófnáð á ýmsum munum og skilorðsrof.

Maðurinn braust inn í íbúð í Hafnarfirði í ágúst í fyrra og stal þaðan tveimur ferðageisla-spilurum, sjö þökkum af rafhlöðum, nokkrum þúsundum króna úr

sparibaukum, hleðslutæki fyrir farsíma, tveimur rakspírurum, tveimur staukum af svitalyktareyði og þremur pörum af sokkum. Þá braust hann inn í verslun á Akureyri í október og stal þaðan fimmtán þúsund krónum, hundrad sigarettupökkum, sjö kartonum af vindlum og einhverju magni af sælgæti.

Bandarískur prófessor skrifar háðsádeilugrein um stríðsáform Bandaríkjanna:

Árás á Ísland er skynsamlegri en árás á Íran

STJÓRNMÁL „Í fyrsta lagi er Ísland fullkomið skotmark. Annaðhvort hittir maður eða maður hittir í sjóinn,“ segir Uwe E. Reinhardt, prófessor í þjóðhagfræði við Princeton-háskóla í New Jersey í Bandaríkjunum.

Hann segir í háðsádeilugrein sinni, sem birt var í skólablaðinu Daily Princetoni-an í gær, að miklu skynsamlegra væri fyrir Bandaríkjaheir að gera árás á Ísland frekar en að ráðast á Íran, eins og nú virðist vera í bígerð. Allir myndu græða á því – líka Íslendingar.

Einn kosturinn er sá hve Ísland er miklu nær Bandaríkjunum en Íran. „Flugmennirnir okkar gætu farið af stað að morgni, sprengt Ísland á hádegi, flogið til Bretlands og farið þar í leikhús eða á krám um kvöldið, náð að morgni í sprengjur sem hinn hjálpfúsi Tony

Blair myndi geyma fyrir okkur þar, varpað þeim á Ísland á heimleiðinni og verið komnir til baka fyrir kvöldmat. Þetta er mjög hagkvæm leið til að heyja stríð.“

Sem tylliástæðu gæti leyniþjónustan CIA vísað í heimild um að skuggalegur maður hefði sést „kaupa gula köku af jafn skuggalegri veitingakonu í miðborg Reykjavíkur“.

Bandarískir vopnaframléiðendur myndu græða á þessu og bandarísk fyrirtæki myndu græða á því að reisa Reykjavík úr rústum á ný, en þá með „bandarískum pípulögnum og rafmagnskerfi. Gæti nokkur skynsöm þjóð hafnað slíku örlæti?“ spyr Reinhardt, og bætir því við að Bandaríkin gætu greitt Íslendingum skaðabætur, til dæmis nærri þrefalda þjóðarframléiðslu Íslands, sem er lítil upphæð á mælikvarða bandarískra fjárlaga.

- gb



HENTUGT SKOTMARK Bandaríkjamenn myndu endurreisa Reykjavík í fyrri mynd og greiða Íslendingum nærri þrefalda þjóðarframléiðslu í skaðabætur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Hafnarverkamenn í Kína:

Náðu árangri með verkfalli

HONG KONG, AP Hundruð hafnarverkamanna í Shenzhen í Kína fóru í verkfall á föstudagskvöld til að krefjast betri kjara. Þeir hættu verkfallsaðgerðum eftir að samist hafði um kauphækkun og rétt þeirra til að stofna verkalýðsfélag, sem verður undir stjórn verkalýðssambandsins í Shenzhen.

Í Kína er bannað að stofna sjálfstæð verkalýðsfélög og forkólfar verkalýðsbaráttu eru iðulega settir í fangelsi og ofsóttir með ýmsu móti.

Shenzhen er mikil uppgangsborg í Suður-Kína, skammt frá Hong Kong.

- gb



KANNABIS Karlmaður um fertugt var handtekinn, grunaður um ræktunina. Myndin er úr safni.

Kviknaði í út frá flúrlampa:

Kannabisrækt olli eldsvoða

LÖGREGLUMÁL Eldur kviknaði út frá flúrlampa sem notaður var við kannabisrækt í íbúð í fjölbýlishúsi við Krúhóla síðdegis á laugardag.

Slökkviliðið var kallað út vegna eldsins um klukkan þrjú, kom á staðinn skömmu síðar og gekk vel að ráða niðurlögum eldsins. Nokkrar reyskemmdir urðu á íbúðinni en ekki kom til þess að rýma þyrfti húsið.

Í ljós kom að nokkur kannabisrækt hafði farið fram í íbúðinni og kviknaði eldurinn út frá hitalampa sem notaður var til ræktunarinnar. Íbúinn, karlmaður um fertugt, var handtekinn.

- sh

Framkvæmdir í Hafnarfirði:

Fyrstu námsmannaíbúðirnar

HAFNARFJÖRÐUR Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði eru nú að láta skipuleggja nýtt íbúðahverfi sem ber heitið Vellir 7. Gunnar Svavars-son, forseti bæjarstjórnar, segir að ýmsar nýjungar séu þar á döf-inni. Í hverfinu verði reist hjúkrunarheimili sem byggi meira en áður á heimaþjónustu og hjúkrunarþjónustu með lágrestum byggingum þar sem fólk geti búið.

Bónus hefur tekið til starfa á Völlum í Hafnarfirði. Í nágrenni við Bónus stendur til að byggja í samstarfi við tvö námsmanna-fyrirtæki um tvö hundruð íbúðir fyrir námsmenn og verða það fyrstu stúdentabúðirnar í Hafnarfirði. Íbúðirnar eru ætlaðar fyrir námsmenn í listamennta-skóla sem stefnt er að því að reisa. Í miðju námsmannahverfinu verður líka leikskóli og smábarnaskóli á vegum Hjallastefnunnar.

- ghs

PALESTÍNA

Börnín mótmæla mannráni

Fjöldi palestínskra barna mótmælti á Gasasvæðinu á föstudaginn langa því sem talið er vera mannrán á breska blaðamanninum Alan Johnston. Hann var einnig getið í föstudagsbænum í moskum. Johnston var síðasti vest-ræni blaðamaðurinn á Gasasvæðinu. Hann hvarf 12. mars síðastliðinn.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Þyrla sótti fjórhjólmann

Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð til eftir árekstur jeppa og fjórhjóls skammt frá Kirkjubæjarklaustri á sunnudag. Ökumaður fjórhjólans kenndi sér meins í baki og var fluttur á Landspítalann í Fossvogi. Hann reyndist ekki eins mikið meiddur og talið var í fyrstu.

FÓTBOLTAFAÐR

taktu þátt í því!

Notaðu MasterCard® kortið þitt og þú gætir verið á leið á úrslitaleik UEFA Champions League í Aþenu 23. maí!

Skráðu þig í Fótboltafélag MasterCard og notaðu MasterCard kortið þitt frá 15. mars - 30. apríl og þú gætir unnið það sem alla fótboltaáhugamenn dreymir um: Ferð fyrir tvo á úrslitaleik UEFA Champions League í Aþenu 23. maí 2007.

Í hvert skipti sem félagi í Fótboltafélagi MasterCard notar MasterCard kortið sitt á tímabilinu fer nafn hans í pottinn sem vinningarnir verða dregnir út. Því oftast sem þú notar MasterCard kortið þitt, því meiri líkur á að þú farir á úrslitaleikinn!

Meira á www.kreditkort.is.

ATHENS FINAL 2007

Ferð, gisting og miðar í boði MasterCard.



Opinn fundur um efnahagsmál

Jafnvægi og framfarir - ábyrg efnahagsstefna

Samfylkingin hefur gefið út ritið „Jafnvægi og framfarir - ábyrg efnahagsstefna“ sem fjallar um stöðu og horfur í íslenskum efnahagsmálum. Ritstjóri er Jón Sigurðsson hagfræðingur og fyrrverandi ráðherra Alþýðuflokksins.

Samfylkingin boðar til opins kynningarfundar á Grand hótél, Reykjavík, miðvikudaginn 11. apríl kl. 8:30-10:00.

Dagskrá

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir flytur inngangsorð
Jón Sigurðsson fjallar um helstu niðurstöður
ritsins Jafnvægi og framfarir – ábyrg efnahagsstefna.

Pallborðsumræður

Hörður Arnarson, forstjóri Marels
Þóra Helgadóttir, hagfræðingur í greiningadeild Kaupþings
Fundarstjóri: Kristján Möller, alþingismaður

Allt áhugafólk um stjórnmál og ábyrga hagstjórn er velkomið.

 Samfylkingin

0 kr. í útborgun*



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



28.412* kr. á mánuði
fyrir beinskiptan Opel Astra 1.6 (Verð: 1.890.000 kr.)

31.836* kr. á mánuði
fyrir sjálfskiptan Opel Astra 1.8 (Verð: 2.120.000 kr.)

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

*Miðað við 100% bílasamning og greiðslur í 84 mánuði.

Aukahlutir á mynd; álfelgur og þokuljós

Þróunarsamvinnustofnun Íslands:

Í samstarf við Níkaragva

ÞRÓUNARSTARF Gísli Pálsson, umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Níkaragva, skrifaði á dögunum undir samstarfssamning við ríkisstjórnina í Níkaragva fyrir hönd Íslendinga. Þrír ráðherrar í ríkisstjórn Níkaragva skrifuðu undir samninginn ásamt Gísla. Heilbrigðisráðherrann skrifaði undir yfirlýsingu um samstarf á sviði heilbrigðismála, menntamálaráðherra um samstarf í menntamálum og utanríkisráðherra landsins skrifaði undir yfirlýsingu um samvinnu á Atlantshafsströnd Níkaragva.

Atlantshafsströndin er fátækasti hluti landsins og hefur ríkis-



SAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR Gísli Pálsson skrifaði fyrir hönd Íslands undir samninga við stjórnvöld í Níkaragva um þróunarsamvinnu landanna.

stjórnin, sem tók við völdum í janúar, lagt áherslu á þróun á þeim svæðum.

- þo

Loftslagsbreytingar ógna lífríki

Hlýnun loftslags á jörðinni er farin að hafa áhrif á vistkerfi í öllum heimsálfum og sérfræðingar SP spá að hækki hitastig um 1,5-2,5°C muni allt að þriðjungur þeirra tegunda sem nú lifa á jörðinni þurfa að flytja sig til nýrra heimkynna eða deyja út.

HVÍTABJÖRN: Eftir því sem heimskautið skreppur saman verða birnir að veiða og fasta í lengri tíma. Sumir óttast að villtir birnir deyi út fyrir 2050.

BLÓÐMAURAR: Hækkandi hitastig veldur því að farmaurur í Skandinavíu flytjast norður á bóginn og leggjast á fleiri dýr og bera sjúkdóma í menn.

ÞORSKUR: Hækkun hitastigs í Norðursjó breytir hafstraumum og beinir svifi frá uppvaxtarstöðvum þorsks.

FROSKAR: Hlýnun og lengri þurrktímabil gera froska veika fyrir hættulegum sveppasýkingum. Þrjár tegundir eru þegar útdauðar á Púertó Ríkó og nágrenni.

KÓRALAR: Hækkaður sjávarhiti veldur því að sjórinn dregur í sig meiri koltvísýring; það hækkar sýrustigið og spillir hæfni kórala til að byggja upp rif.

TRÉ: Margar tegundir, þar á meðal dimb-tré í Senegal, eru að hverfa af því að breytt úrkomumunstur gerir norðurhluta landsins þurrari og heitari.

Sources: Intergovernmental Panel on Climate Change, AP Picture: AP © GRAPHIC NEWS

Framhaldsráðstefna SP um loftslagsmál:

Hlýnun sögð munu raska lífríki jarðar

LOFTSLAGSMÁL Í síðustu viku var lögð fram í Brussel önnur skýrslan af alls fjórum, sem saman mynda loftslagsskýrslu IPCC, Sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Í þessari skýrslu var athyglinni beint að áhrifum loftslagsbreytinga á jörðinni, en fyrsta skýrslan, þar sem færð voru rök fyrir því að loftslagsbreytingarnar væru af mannavöldum, var kynnt fyrir tveimur mánuðum.

Í meðfylgjandi grafi er athygli vakin á þeirri röskun á lífríki jarðar, sem varað er við í skýrslunni að vofi yfir samhlíða hlýnun loftslags í öllum heimsálfum.

Á ráðstefnunni í Brussel kom annars til orðasenu milli fulltrúa

Evrópusambandsins og Ástralíu um aðgerðir og aðgerðaleyfi til að stemma stigu við gróðurhúsáhrifunum. Stavros Dimas, sem fer með umhverfismál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, gagnrýndi stjórnvöld í Ástralíu og Bandaríkjunum fyrir að vera einu þróðu iðnríkin sem ekki hefðu undirgengist markmið Kyoto-bókunarinnar frá árinu 1997 um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

John Howard, forsætisráðherra Ástralíu, frábað sér að Evrópumennt læsu yfir sér um þessi mál; þeir stæðu ekki sjálfir við eigin Kyoto-markmið um að draga úr loftmengun.

- aa

Tveir menn ákærðir fyrir árás:

Opnuðu bílhurð á dreng á ferð

ÞÓMSMÁL Tveir piltar, 21 árs og átján ára, hafa verið ákærðir fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að opna bílhurð á sextán ára pilt á fimmtíu kílómetra hraða. Árásin átti sér stað á Ísafirði í janúar.

Eldri pilturinn ók bílnum og sá yngri opnaði hurðina á fórnarlambið þegar bíllinn var á fim-

tíu kílómetra hraða. Þeir óku síðan á brott.

Pilturinn sem ráðist var á féll til jarðar og hlaut eymsli yfir rifbeinum og bringubeini, „auk þess sem lífi [hans] var stofnað í augljósan háská,“ eins og segir í ákærinni sem var þingfest í Héraðsdómi Vestfjarða í gær.

- sh

Ungir skemmdarvargar játa:
**Eyðilögðu bíl
lögreglumanns**

LÖGREGLUMÁL Tveir ungir menn hafa viðurkennt að hafa skemmt einkabíl lögreglumanns á Blönduósi aðfaranótt miðvikudags. Þetta mun vera þriðja aðförin að lögreglumönnum eða eigum þeirra í umdæminu frá áramótum.

Fyrir skömmu sprengdu sömu ódæðismenn sprengju við heimili þessa sama lögreglumanns og er enn á huldu hvað mönnum gekk til með árasunum tveimur. Rétt fyrir áramót var svo skotið úr byssu á mannlausan lögreglu-bíl í umdæminu. Ekki liggur fyrir hvort sömu menn hafi verið á ferðinni í því tilvik.

- sh

Hútúi frá Búrúndí handtekinn í Finnlandi grunaður um fjöldamorð í Rúanda:

Talinn bareigandi í Nyakizu

FINNLAND Maður frá Rúanda hefur verið handtekinn í Finnlandi grunaður um að hafa skipulagt og staðið fyrir þjóðarmorðum í Rúanda. Maðurinn, sem er 55 ára gamall, gekk undir heitinu „Bareigandinn í Nyakizu“ og er í alþjóðlegum mannréttindaskýrslum talinn ábyrgur fyrir einu af fyrstu fjöldamorðunum í Rúanda vorið 1994.

Samkvæmt skýrslunum hefur maðurinn skipulagt þjálfun stríðsmanna, útvegað vopn og skipulagt fjöldamorð. Hann er baptista-prestur að starfi og hótúi frá Búrúndí að uppruna. Maðurinn kom til Rúanda árið 1972, þá 21 árs

gamall, kvæntist þar tútsíkonu og stjórnaði flóttamannabúðum fyrir hótúa frá Búrúndí auk þess að reka bar.

Finnlandssænska Borgábladet segir að hann hafi komið til Finnlands árið 2003 og starfað með baptistum í Vaasa og Borgá.

Þjóðarmorðin í Rúanda hófust þegar flugvél með forseta Rúanda og Búrúndí var skotin niður í byrjun apríl 1994. Viku síðar á Rúandamaðurinn að hafa tekið þátt í einum af fyrstu fjöldamorðunum í landinu þegar 21 tútsímaður var fluttur á bar hans að næturlagi. Vitni segist hafa séð þegar fjórir mennanna voru

barðir til bana og líkunum kastað í klóakbrunn. Viku síðar á maðurinn svo að hafa leitt morð á heilu fjölskyldunum á Nyakizu-fjalli og síðan fylgt flóttamannastraumnum úr landi.

- ghs



PVO HAUSKÚPUR
Finnar hafa handtekið mann sem grunaður er um að vera „Bareigandinn í Nyakizu“ og hafa staðið fjöldamorðum í Rúanda.



KIM KYE GWAN Aðalsamningamaður Norður-Kóreu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kjarnorkueftirlit til N-Kóreu:

Hleypt inn um leið og fé berst

NORÐUR-KÓREA, AP Aðalsamningamaður Norður-Kóreu, Kim Kye Gwan, sagði Bandaríkjamönnum í gær að alþjóðlegum kjarnorkueftirlitsmönnum yrði hleypt inn í landið um leið og peningasending frá Bandaríkjunum, sem hefur legið á lokuðum bankareikningi, hefði borist til Norður-Kóreu.

Kim sagði einnig ólíklegt að hægt yrði að stöðva brennslu í stærsta kjarnaofni landsins fyrir laugardaginn, eins og um hafði verið samið í febrúar. Til þess sé tíminn orðinn of naumur, en berist féð verði reynt að stöðva vinnsluna eins fljótt og auðið verður.

- gb

Ók á bíl og umferðareyju:

Sprengdi framdekkinn á flótta

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu veitti ökumanni eftirför aðfaranótt laugardags, en hann mældist á hundrað kílómetra hraða á Reykjanesbraut og sinni ekki stöðvunarmerkjum lögreglu.

Hann ók utan í annan bíl á gatnamótum og svo upp á umferðareyju í Lækjargötu í Hafnarfirði. Þar stöðvaði hann bílinn þar sem sprungið var á báðum framdekkjum og reyndi að komast undan lögreglu á tveimur jafnfljótum. Það tókst honum þó ekki því hann náðist í húsagarði skammt frá og var færður til yfirheyrslu.

- sh

Bandarískur verslunareigandi:

Vill ólmur gefa stóra húsið sitt

BANDARÍKIN, AP Mike Bassett, maður á sextugsaldri í Port Clinton í Ohio, hyggst gefa húsið sitt hverjum sem hafa vill. Húsið er stórt, búið góðum arni, tveimur baðherbergjum og feykistöfum fataskápum, en gallinn er sá að þiggjandinn verður að flytja húsið burt fyrir 1. júlí.

„Mig langar ekkert til að rífa húsið,“ segir Bassett. „Þetta er mjög fallett hús.“

Vilji enginn flytja húsið af lóðinni verður það þó rífið til að rýma fyrir fleiri bílastæðum við matvöruverslun og bensinstöð sem Bassett rekur þar rétt hjá.

- gb

Þróunarfélag | property development



Til leigu:

Glæsilegt skrifstofuhúsnæði í hjarta helsta fjármálahverfis Reykjavíkur



| Laust | Austurhluti | Vesturhluti |
|--------|-------------------|--------------------|
| 8. hæð | | leigt |
| 7. hæð | | leigt |
| 6. hæð | | 1064m ² |
| 5. hæð | 890m ² | 925m ² |
| 4. hæð | 890m ² | 925m ² |
| 3. hæð | 896m ² | 932m ² |
| 2. hæð | 705m ² | leigt |
| 1. hæð | 450m ² | leigt leigt leigt |

* hægt er að skipta þessu rými til helminga
**allar stærðir eru birt flatarmál

Pyrping hf, Hátúni 2b, 105 Reykjavík
sími 594 4200
fax 594 4201
netfang thyrring@thyrring.is
vefslóð www.thyrring.is

Pyrping reisir sérhannað 12000m² skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 26. Bílastæði verða annars vegar í bílageymslu undir húsinu fyrir um 200 bíla auk bílastæða við bygginguna.

Húsnæðið skiptist í tvo misháa hluta, 8 hæðir vestan megin og 5 hæðir austan megin. Jarðhæðin skiptist upp í 4-5 rými og verður verslun og þjónusta þar en á öðrum hæðum hússins er gert ráð fyrir skrifstofu- og þjónustustarfsemi. Húsnæðið verður sérhannað út frá þörfum framsækinnna fyrirtækja með frábæru útsýni. Meðal leigjenda eru 10-11, Lyfja, Spron, Baugur, Gnúpur og Samkeppniseftirlitið.

Húsnæðið afhendist tilbúið til innréttinga vorið 2007.

Á vefsíðu Pyrringar, www.thyrring.is, er að finna frekari upplýsingar auk ítarlegra teikninga af húsinu í heild og einnig hverri hæð fyrir sig.

Frekari upplýsingar gefur Þorsteinn hjá Pyrringu í síma 594 4200.

Auknar kröfur markaðarins kalla á óbundinn vinnutíma.

Jafnvægi atvinnu og einkalífs

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR SKRIFAR

Þáskafrið var flestum kærkomið. Langflestir fengu heila fimm daga í frí, að undanskildum þeim er starfa á sjúkrahúsum eða þar sem starfsemin þarfnast stanslausar viðveru starfsfólks. Fimm daga frí er þó mun aður sem á undir högg að sækja með lengri og sveigjanlegri opnunartíma verslana og veitingastaða. Það er afleiðing breyttra tíma þar sem krafa er um aðgang að þjónustu allan sólarhringinn, sjö daga vikunnar.

Aukin þjónusta hefur að vissu leyti jákvæð áhrif á atvinnulíf þar sem fleiri störf skapast. Á hinn bóginn leggur slík krafa þyngri byrðar á herðar starfsmanna sem þurfa að vera til taks nánast hvenær sem er. Með nútímatækni geta margir unnið vinnu sína heima við utan hins hefðbundna vinnutíma og hefur það færst í aukana. Algennt er orðið að fólk sinni starfi sínu í tölu á kvöldin og um helgar á kostnað einkalífsins. Auk þess er hægt að nálgast fólk í gegnum síma hvar og hvenær sem er og því auðvelt að kalla það inn til vinnu ef á þarf að halda. Fyrir vikið verður vinnutíminn óbundinn sem skapar togstreitu á milli atvinnu og einkalífs annars vegar og milli atvinnurekanda og starfsmanns hins vegar.

Hjá mörgum fyrirtækjum tíðkast það að starfsmenn fái ekki greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Ætlast er til að starfsmaður leggi til þann tíma í vinnu sem til þarf til að ljúka verkefnum. Á þetta oftast við um stjórnendur og sérfræðinga.

Óbundinn vinnutími bitnar á skyldum starfsmanna utan vinnu og skyldur við fjölskylduna verða gjarnan útundan. Það heyrir til undantekninga að foreldrar barna séu heima þegar skóladegi lýkur.

Í viðtali við Sirkus gerir Eva María Jónsdóttir þessi mál að umtalsefni. „Tíminn er lífsgæði eins og peningar,“ segir hún og talar um að fólk verði sjálft að inna fyrirtækin eftir fjölskyldustefnu.

Skyldur við fjölskyldu og heimili eru því miður enn sem komið er frekar í höndum kvenna en karla, sem þýðir að óbundinn vinnutími bitnar frekar á konum. Þær eru því líklegri en karlar til að sækjast eftir hlutastörfum. Slík störf eru þó af skornum skammti og bjóða ekki sömu tækifæri og önnur störf, þá sérstaklega hvað varðar laun og starfsframa. Þetta grefur undan jafnrétti.

Erfitt er að finna hinn gullna meðalveg þegar gerðar eru kröfur til starfsmanns. Atvinnurekendur hljóta þó að hagnast á því að bera virðingu fyrir einkalífi starfsmanna og þörf þeirra fyrir hvíld. Þreyttur starfsmaður afkastar ekki sem skyldi. Það er ekki síður hagur atvinnurekandans að gæta þess að starfsfólk fái nauðsynlegan hvíldartíma. Rannsóknir hafa sýnt að þó að vinnutíminn sé stuttur minnka afköstin ekki, því fjarvera starfsmanns vegna veikinda minnkar á móti auk þess sem hann sinnir síður einkaerindum á vinnutíma.

Atvinnurekendur og starfsmenn hafa um langa hríð togast á um vinnutímann. Starfsmenn þurfa að gæta þess að ekki sé of langt gengið og spyrna við fótum ef vinnan er farin að ganga um of á frístundir og fjölskyldulíf.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

FRÉTTASTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FULLTRÚI FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI FRÉTTASTJÓRAR: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

HRAUNSNEF
sveitahotel
www.hraunsnef.is

Kr. 7.900 á mann

Tilboð til 15.maí

Norðurárdal • 311 Borgarbyggð • Sími: 435 0111 • www.hraunsnef.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Landsfundarhelgi

Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn halda landsfundi sína næstu helgi. Eftir það mun kosningabaráttan hefjast af alvöru. Ekki er útlit fyrir að formenn þessara flokka muni skyggja hvor á annan þrátt fyrir þessar tímasetningar. Setningarhátið Sjálfstæðisflokksins fer fram seinni part fimmtudags og endar á ræðu Geirs Haarde. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir mun hins vegar fá að njóta sín á föstudaginn þegar landsþing Samfylkingarinnar verður sett. Sama dag er þó fyrirspurnartími ráðherra Sjálfstæðisflokksins sem mun fá einhverja

athygli. Þetta má sjá í ítarlegri dagskrá landsfundar á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins. Hins vegar var hvergi að finna dagskrá landsfundar Samfylkingar á heimasíðu flokksins í gær.

Búið í bili

Sagt var frá í þessum dálki á laugardag að Guðmundur Magnússon, rithöfundur og sagnfræðingur, væri byrjaður að blogga á nýjan leik. Í gær kvaddi hann lesendur sína á ný eftir það stutta gaman. Ætlunin var víst alltaf að blogga einungis



um páskana og Guðmundur stendur við þá ætlan. Á örfáum dögum, frá miðvikudegi til mánudags, hefur honum hins vegar tekist að setja inn 28 færslur sem er nokkuð vel af sér vikið. Hann fer líka víða yfir í þessum færslum, veltir meðal annars vöngum yfir slöku gengi Samfylkingarinnar og óvinsældum Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur formanns. Guðmundur er þeirrar skoðunar að stíll Ingibjargar sem stjórnmálamanns eigi ekki lengur hljómgrunn meðal kjósenda, og skýrir þar með hve miklum vinsældum hún hefur tapað undanfarin ár.

björgvin@frettabladid.is
sigridur@frettabladid.is

Hagstjórnin í góðæri

Það er mikil velmegun í landinu. Svo mikil er velmegunin að fólk áttar sig ekki á hve vond hagstjórnin er. „Það verður erfitt að fella ríkisstjórnina þegar góðærið er svo mikið,“ sagði við mig maður sem ég tek talsvert mark á.

Fólk hefur líklega aldrei haft það betra hér á landi en þessa dagana – sem betur fer. Þannig á það að vera. Við eigum alltaf að hafa það betra og betra. Ætli það hafi ekki bara oftast verið þannig – ég held það. Hér hafa verið stöðugar framfarir í áratugi. Framfarir ganga í bylgjum eins og flest annað í heiminum; stundum eru þær meiri og stundum minni.

En þó við höfum það gott er ekki endilega svo að einhverji geti ekki haft það betra. Því miður hefur það verið svo undanfarin ár að þeir sem verst eru settir, þeir sem hafa minnst auraráðin, þeir sem hafa minnst eða jafnvel engin tækifæri til að auka tekjur sínar, þeir eru nú verr settir í samanburði við aðra en þeir voru fyrir áratug. Það finnst mér vont mál.

Þegar góðæri er í landinu og öllum miðar fram á við á einmitt að nota tækifærið og bæta kjör þeirra sem verst eru settir meira en okkar hinna sem höfum meira á milli handanna. Það hefur hins vegar alveg verið látið ógert. Skattbyrði þeirra sem lægst hafa tekjurnar er nú þyngri en hún var fyrir áratug – það þykir mér ekki gott afspurnar.

Sjáið þið ekki veisluna drengir, sagði fjármálaráðherra um daginn og vitnaði þar í gamla sögu sem ég kann annars engin deili á. Ég held hann hafi átt við að ekki væri ástæða til að breyta neinu frá því sem nú er. Samt er það þannig að kerfið sem hann og félagar hans hafa búið til heldur öldnum og öryrkjum í fátækt-



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR
Í DAG | Vond hagstjórn

Þessi athugasemd ráðherrans minnti mig á aðra athugasemd sem drottning ein frönsk kom með þegar henni var sagt að fátæklingarnir ættu ekki brauð, en þá spurði hún hvers vegna fólk fengi sér ekki köku. Það mun hafa verið mál manna að drottningin lifði í öðrum heimi en þjóðin.

argildru vegna þess að ef fólk vinnur sér inn aukatekjur eða ef bætur úr lífeyrissjóðnum hækka þá skerðast almannatryggingabætur. Þessi athugasemd ráðherrans minnti mig á aðra athugasemd sem drottning ein frönsk kom með þegar henni var sagt að fátæklingarnir ættu ekki brauð, en þá spurði hún hvers vegna fólk fengi sér ekki köku. Það mun hafa verið mál manna að drottningin lifði í öðrum heimi en þjóðin.

Ekki nóg með að velferðarkerfið hafi verið látið grotna niður í góðærinu heldur hefur hagstjórnin ekki heldur verið sinnt. Á meðan Seðlabankinn reynir að halda við markmið sitt um að halda verðbólgunni innan við 2,5% á ári, hamast ríkisstjórnin við að gefa kosningaloford og ráðast í alls kyns framkvæmdir sem halda við

þenslunni, halda vöxtunum uppi, hækka höfuðstól verðtrygðu lánanna og valda annarri þeirri óáran sem fylgir óráðsiu í hagstjórninni.

Í Hagvísun Seðlabankans sem birtir voru 22. mars sl. (<http://www.seðlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5003>) er línurit sem sýnir verðbólguþróunina á Íslandi og í helstu viðskiptalöndum og í EES-rikkjunum. Myndin er nr. 1 - 7 og segir allt sem segja þarf um hagstjórnina – nefnilega að hún er engin eða algjörlega misheppnuð eftir því hvernig það er orðað. Þeir sem gaman hafa af því að dansa víta að parið verður að vera samstíga – að minnsta kosti ef dansaður er foxtrott. Þá gagnast lítið að hver tugi í sína áttina. En það er einmitt það sem ríkisstjórnin og Seðlabankinn gera þessa dagana, þar tog ríkisstjórnin í eina áttina og Seðlabankinn í hina og árangurinn verður óstöðugt efnahagslíf sem gerir öllum erfitt fyrir, jafnt þeim sem reka heimili og þeim sem reka fyrirtæki.

Fólk finnur mikið fyrir verðtryggingu lána þegar verðbólgan fer á skrið, en það er einmitt síst við þær aðstæður sem hrófla má við henni. En nú kemur líka skýrt í ljós hve vextirnir af verðtryggu lánunum eru háir. Vextirnir eru nefnilega meira en fjögur prósent að viðbætti verðtryggingunni. Það er á þessum háu vöxtum sem bankarnir græða á tá og fingri því þeir fá auðvitað verðtrygginguna eins og vera ber og síðan þessa háu vexti í ofanálag. Það er verkefni sem vert er að beita sér fyrir: að ná vaxtastiginu á sama stig og gerist með öðrum þjóðum, en verðtryggingin ætti einmitt að gera það mögulegt.

Auk þess legg ég til að eftirlaunaósmínn verði afnuminn með lögum.

Milljón krónur á fjölskyldu

UMRÆÐAN

Efnahagsmál

Fréttablaðið sagði nýlega frá rannsóknnum Þóru Helgadóttur, hagfræðings í greiningardeild Kaupþings. Niðurstaða hennar var að verðbólgan á síðasta ári hefði orðið 7% í stað 8,5% vegna þess að útlendingar fengust til starfa eftir þörfum í hinni miklu þenslu sem var í hagkerfinu. Taldi Þóra að venjulegt heimili hefði sparað um 300 þús. kr. í lægri útgjöldum sem væri þá ávinningur landsmanna. Kenning hennar er að nægt frambod af vinnuafli hafi haldið aftur af hækkuðum launa. Þess vegna varð lægri verðbólga þrátt fyrir þensluna í efnahagslífinu.

Séstaka athygli mína vekur að Þóra Helgadóttir segir að greina megi vísbendingar í þá veru að erlent vinnuafli sé að þiggja lægri laun en innlent og bendir á að launakostnaður í byggingaríðnaði og mannvirkjagerð hafi lækkað á árinu samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands öfugt við þróunina í öðrum greinum, en það séu einmitt þau störf



KRISTINN H. GUNNARSSON

sem erlent vinnuafli hefur að mestu fyllt. Þóra upplýsir að gögn bæði frá Svíþjóð og Bretlandi sýni fram á að tekjur innflytjenda séu almennt lægri en innlendra aðila. Þessi þróun, sýnist mér, getur ekki leitt annað af sér en stéttskipt þjóðfélag þar sem útlendingar hafa lægri tekjur og innlendir nota þá til þess að lækka útgjöld sín.

En það er önnur hlið á peningnum. Verðbólgan varð 7% í stað 2,5% sem að var stefnt. Aðgangur að erlendu vinnuafli eftir þörfum gerði það að verkum að stjórnvöld og einkaaðilar gátu hrint í framkvæmt öllum þeim framkvæmdum sem hugurinn girnt-ist. Ef skort hefði vinnufúsar hendur hefði orðið að fresta eða seinka verulegum framkvæmdum, þar með minni þensla, þar með minni verðbólga. Miðað við útreikninga Þóru hefði ávinningur meðalheimilisins af minni þenslu og aðeins 2,5% verðbólgu því líklega numið um 1 milljón króna. Almenningur greiðir kostnaðinn af þenslunni. Því gleymdu Fréttablaðið og Kaupþing að segja frá.

Höfundur er alþingismaður.

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám fram á sumar Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 34.500 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmum 20 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.



Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Námskeið á næstunni

| Námskeið | Hefst | Lýkur | Tími Stund. | Klst. | Verð | Ábendingar |
|---|-----------|-----------|-------------|-------|------|--|
| Access I: Almenn gagnagrunnsgerð | 21.5.2007 | 25.5.2007 | 9:00-12:00 | 22 | 15 | 25.900 kr. |
| Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð | 10.4.2007 | 13.4.2007 | 9:00-12:00 | 18 | 12 | 34.900 kr. |
| Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð | 21.5.2007 | 24.5.2007 | 13:00-16:00 | 18 | 12 | 34.900 kr. |
| Almennt tölvunám | 24.4.2007 | 25.5.2007 | 9:00-12:00 | 90 | 60 | 74.900 kr. Kennt er alla morgna |
| ASP .NET vefforritun | 30.4.2007 | 30.5.2007 | 16:15-19:15 | 40 | 27 | 79.900 kr. Kennt er á mán./mið. |
| DreamWeaver - vefsíðugerð | 2.5.2007 | 8.5.2007 | 13:00-17:00 | 27 | 18 | 29.900 kr. Kennt er til 16:00 þri og fim |
| DreamWeaver og Photoshop | 2.5.2007 | 15.5.2007 | 13:00-16:00 | 49 | 33 | 49.900 kr. 2., 4. og 7. maí til 17:00 |
| Dreamweaver, Photoshop og Flash | 2.5.2007 | 24.5.2007 | 13:00-16:00 | 67 | 45 | 69.900 kr. 2., 4. og 7. maí til 17:00 |
| Excel I: Almenn töflureiknisnotkun | 7.5.2007 | 11.5.2007 | 9:00-12:00 | 22 | 15 | 24.500 kr. |
| Excel I: Almenn töflureiknisnotkun | 21.5.2007 | 25.5.2007 | 9:00-12:00 | 22 | 15 | 24.500 kr. |
| Excel IIa: Sérhæfð töflureiknisnotk | 30.4.2007 | 4.5.2007 | 9:00-12:00 | 18 | 12 | 29.900 kr. |
| Excel IIb: Fjármálastjórn og bókhald | 8.5.2007 | 15.5.2007 | 9:00-12:00 | 18 | 12 | 36.500 kr. Kennt er þri/fim/má/þri |
| FileMaker I: Byjendanám • Nýtt | 3.5.2007 | 4.5.2007 | 9:00-12:00 | 9 | 6 | 16.900 kr. |
| FileMaker II: Gagnagrunnsgerð • Nýtt | 7.5.2007 | 9.5.2007 | 9:00-12:00 | 13 | 9 | 24.900 kr. |
| FileMaker III: Forritun gagnagrunna • Nýtt | 16.5.2007 | 8.6.2007 | 9:00-12:00 | 27 | 18 | 69.900 kr. |
| Fingrasetning - tölvuvéiritun | 17.4.2007 | 18.4.2007 | 9:00-11:00 | 6 | 4 | 6.900 kr. |
| Fingrasetning - tölvuvéiritun | 16.5.2007 | 18.5.2007 | 13:00-15:00 | 6 | 4 | 6.900 kr. |
| Flash margmiðlun | 21.5.2007 | 24.5.2007 | 13:00-16:00 | 18 | 12 | 24.900 kr. |
| Hagnýt verkefnastjórnun | 26.4.2007 | 11.5.2007 | 9:00-17:00 | 50 | 33 | 89.900 kr. Kennt er fim. og fös. |
| Internetið og tölvupóstur | 26.4.2007 | 27.4.2007 | 9:00-12:00 | 9 | 6 | 10.900 kr. |
| Ljósmyndavinnsla með Picasa | 30.4.2007 | 2.5.2007 | 19:30-22:30 | 9 | 6 | 12.900 kr. Tvö kvöld, mán./mið. |
| Ljósmyndavinnsla með Picasa | 15.5.2007 | 16.5.2007 | 9:00-12:00 | 9 | 6 | 12.900 kr. |
| MCP 70-290: Windows 2003 Server | 10.4.2007 | 5.6.2007 | 16:15-19:15 | 60 | 40 | 99.900 kr. Kennt er þri./fim. |
| Office 2007: Nýtt og breytt • Nýtt | 23.4.2007 | 23.4.2007 | 9:00-13:00 | 6 | 4 | 9.900 kr. Allt það nýjasta |
| Office 2007: Nýtt og breytt • Nýtt | 21.5.2007 | 21.5.2007 | 9:00-13:00 | 6 | 4 | 9.900 kr. Allt það nýjasta |
| Outlook: Póstur, dagbók, verkefni og tengiliðir | 2.5.2007 | 4.5.2007 | 9:00-12:00 | 13 | 9 | 16.900 kr. |
| Photoshop I: Ljósmyndavinnsla og myndir | 9.5.2007 | 15.5.2007 | 13:00-16:00 | 22 | 15 | 26.900 kr. |
| PowerPoint I: glærugerð og -notkun | 16.4.2007 | 18.4.2007 | 9:00-12:00 | 13 | 9 | 16.900 kr. |
| PowerPoint I: glærugerð og -notkun | 14.5.2007 | 16.5.2007 | 9:00-12:00 | 13 | 9 | 16.900 kr. |
| PRINCE2 verkefnastjórnun | 26.4.2007 | 27.4.2007 | 9:00-16:00 | 18 | 12 | 49.900 kr. Hádegisverður innifalinn |
| Project verkefnastjórnun | 10.5.2007 | 11.5.2007 | 9:00-17:00 | 22 | 15 | 39.900 kr. |
| Publisher: útgáfa bæklinga og kynningar | 14.5.2007 | 16.5.2007 | 13:00-16:00 | 13 | 9 | 16.900 kr. |
| Stafræn ljósmyndun | 25.4.2007 | 2.5.2007 | 19:30-22:30 | 13 | 9 | 16.900 kr. Kennt er á mán./mið. |
| Stafræn ljósmyndun | 14.5.2007 | 16.5.2007 | 9:00-12:00 | 13 | 9 | 16.900 kr. |
| Tímastjórnun með Outlook | 16.4.2007 | 16.4.2007 | 13:00-17:00 | 6 | 4 | 14.900 kr. |
| Tölvusmiðja barna og unglinga • Nýtt | 11.6.2007 | 29.6.2007 | 9:00-12:00 | 67 | 45 | 45.000 kr. Kennt er alla morgna |
| Tölvusmiðja barna og unglinga • Nýtt | 7.8.2007 | 23.8.2006 | 9:00-12:20 | 67 | 45 | 45.000 kr. Kennt er alla morgna |
| Verkefna- og tímastjórnun með Outlook • Nýtt | 23.5.2007 | 24.5.2007 | 9:00-12:00 | 9 | 6 | 18.900 kr. |
| Visio viðskiptagrafík og teikning | 10.4.2007 | 13.4.2007 | 13:00-16:00 | 18 | 12 | 24.900 kr. |
| Windows XP fyrir byrjendur | 24.4.2007 | 25.4.2007 | 9:00-12:00 | 9 | 6 | 10.900 kr. |
| Windows, Word og Internetið | 24.4.2007 | 8.5.2007 | 9:00-12:00 | 27 | 18 | 28.900 kr. Hlé 30. apr. - 4. maí |
| Word I: Almenn ritvinnsla | 7.5.2007 | 11.5.2007 | 9:00-12:00 | 22 | 15 | 24.500 kr. |
| Word Ia: Grunnur ritvinnslu | 7.5.2007 | 8.5.2007 | 9:00-12:00 | 9 | 6 | 10.900 kr. |
| Word Ib: Betri ritvinnsla | 9.5.2007 | 11.5.2007 | 9:00-12:00 | 13 | 9 | 16.900 kr. |
| Word II: Kraftmikil ritvinnsla | 21.5.2007 | 25.5.2007 | 13:00-16:00 | 22 | 15 | 26.900 kr. |
| Word: Dreifibréf og markpóstur | 24.5.2007 | 24.5.2007 | 13:00-16:00 | 4,5 | 3 | 6.900 kr. |
| Word: Töflur og eyðublöð | 25.5.2007 | 25.5.2007 | 13:00-16:00 | 4,5 | 3 | 6.900 kr. |
| Word: Vinnsla langra skjala | 21.5.2007 | 23.5.2007 | 13:00-16:00 | 13 | 9 | 16.900 kr. |

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélag styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis símabjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leitið nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar
– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!

Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og Windows XP
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist þátttakandanum í vinnu eða heima við.

Lengd: 84 stundir/57 klukkust.

Verð: 74.900 staðgr.

Tímar: Morgunámskeið 24. apríl og 29. maí.

Hagnýt verkefnastjórnun



Þetta er nám er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná þannig hámarks árangri við jafnt smærri sem stærri verkefni.

Helstu kennslugreinar:

- Undirstaða nútíma verkefnastjórnunar og helstu aðferðir sem leiða til vel heppnaðra verkefna og markvissrar stjórnunar.
- PRINCE2 aðferðarfræðin sem beitt er til þess að undirbúa, áætla og stjórna fjölbreyttum verkefnum með lágmarks áhættu og hámarks árangri.
- Microsoft Project við gerð verk- og kostnaðaráætlana, verkeftirlit, utanumhald um auðindir og stjórnun verkefna og verkefnasafna.

Nám fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á verkefnastjórnun og skila vel heppnuðum verkefnum, á réttum tíma og innan ramma kostnaðaráætlunar.

Kennari: Halldór Kristjánsson, verkfræðingur

Lengd: 50 st./33 klst. Hefst 26. apríl.

Verð: 89.900 Staðgreitt

STEVEN SEAGAL ER 56 ÁRA Í DAG

„Ég vonast til þess að einn daginn verði ég þekktur sem góður handritshöfundur og leikari, í stað þess að vera kyntákn.“

Bardagahetjan hefur háar hugmyndir um sjálfan sig.



tímamót

tímamot@frettabladid.is

FÆDDUST ÞENNA DAG

Max Von Sydow
leikari 1929.



Svavar
Halldórsson
fréttamaður
1970.



Omar Sharif
leikari 1932.



Mandy Moore
söng- og
leikkona 1984.



Innilegar þakkir til þeirra er sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ingibjargar J.
Ingimundardóttir**
frá Efri-Ey.

Halla Jónsdóttir
Sunnefa Jónsdóttir
Árni H. Jónsson
Svavar Jónsson
Eygló Jónsdóttir
Omar Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Magnús Emilsson
Ólafur Einarsson
Guðlaug B. Olsen
Fjóra Þorvaldsdóttir
Jón Ingvar Pálsson
Fanneý Jóhannsdóttir



Elsku bróðir okkar,
Jóhann Guðlaugsson

lést á hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 1. apríl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 11. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hins látna, vinsamlegast láti líknarstofnanir njóta þess.

Lilja Guðrún Guðlaugsdóttir
Jón Guðmundur Guðlaugsson

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför

Sverrir Einarsson



Hermann Jónsson



Geir Harðarson



Bryndís Valbjarnardóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**

Suðurlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is

Vaktími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



70 ára

er í dag 10. apríl.


Sonja R. Haralds.

rithöfundur, ljóðskáld
og dulþekingur.

ÞETTA GERÐIST: 10. APRÍL 1912

Titanic leggur úr höfn

Á þessum degi árið 1912 lagði farþegaskipið Titanic upp í jómfrúrfærð sína frá Southampton í Englandi. Mikið var um dýrðir enda Titanic umtalað fyrir að vera stærsta og fínasta skip heimsins á þessum tíma. Titanic átti að skila farþegum sínum til New York í Bandaríkjunum en fórst á leiðinni og tók með sér um fimmtán hundruð farþega og starfsmenn. Farþegarnir á Titanic voru mestmegnis bandarískar og breskar fjölskyldur ásamt fólki frá öðrum Evrópulöndum. Margir vel stæðir farþegar voru í skipinu vegna þess að það var rómað fyrir þægindi og margir höfðu látið eftir sér að fara með í jómfrúrfærðina.



TITANIC Um fimmtán hundruð farþegar og starfsmenn létust þegar skipið sökk.

Margt er enn á huldu um ástæður þess að Titanic sökk. Vitað er að skipið lenti í árekstri við ísjaka skömmu fyrir miðnætti hinn fjórtánda apríl og eitthvað í kjölfarið varð þess valdandi að skipið fórst. Manntjónið var sérstaklega mikið vegna þess að ekki

voru nógu margir björgunarbátar fyrir alla farþega og starfsmenn skipsins. Árið 1985 fannst flak Titanic á botni Atlantshafsins og hafa síðan verið farnar æði margar rannsóknarferðir niður að flakinu til að reyna að varpa ljósi á sannleikann um af hverju Titanic sökk.

MERKISATBURÐIR

- 1886 Magnús Stephensen er skipaður landshöfðingi.
- 1925 The Great Gatsby eftir Scott Fitzgerald er gefin út í New York.
Njarðvíkingar byrjuðu þó mun betur í lokaleikhlotunum og komust fljótleiga í átta stiga forystu. KR-ingar virtust einfaldlega sprungnir og Njarðvíkingar



FRÍÐRIK STERKUR Fríðrik Stefánsson sækir hér að körfu KR-inga en Jeremiah Sola er honum til varnar.

VIKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

gengu á lagið og kláruðu leikinn, 99-78. Svo fór að KR skoraði einungis sex stig í fjórða leikhlotu.

„Við vorum komnir með góða forustu og gáfum aðeins eftir þegar þeir komu mjög grimmir inn í þriðja leikhlotann. Eg hafði samt engar áhyggjur af þessum leik og kom brosandinn inn í fjórða leikhlotann þrátt fyrir að við værum undir. Ég vissi að við kæmum til baka,“ sagði Brenton Birmingham sem átti góðan leik. „Leikurinn á fimmtudaginn er risastór fyrir þá en líka fyrir okkur. Við höfum ekki verið góðir í leik tvö í úrslitaevíginum síðustu tvö ár og það er kominn tími á að breyta því. Það eru allir að tala um að KR og Snæfell séu með bestu vörnina en ég er ekki á því. Það var frábær vörn í fjórða leikhlotunum sem færði okkur sigurinn í dag og við þurfum að mæta með hana í leikinn á fimmtudaginn,“ sagði Brenton.

„Við höfum séð þessa stöðu áður í úrslitakeppninni og vitum að við þurfum að koma grimmir í næsta leik,“ sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR. „Ég hef engar áhyggjur af því að við getum ekki unnið okkur út úr því að vera undir í einvígi. Þetta er bara fyrsti leikurinn í seríunni og liðin fara fyrst núna að reyna að lesa hvort annað. Taflíð er rétt að byrja. Við þurfum fyrst og fremst að laga varnarvinnuna fyrir næsta leik.“

- esá, ój

Stig Njarðvíkinga: Jeb Ivey 24, Brenton Birmingham 21, Igor Beljanski 20, Fríðrik Stefánsson 13, Egill Jónasson 8, Guðmundur Jónsson 5, Jóhann Árni Ólafsson 5, Ragnar Ragnarsson 3.
Stig KR: Tyson Patterson 20, Brynjar Björnsson 18, Jeremiah Sola 10, Steinar Kaldal 8, Darri Hilmarsson 7, Fannar Ólafsson 6, Baldur Ólafsson 6, Skarphéðinn Ingason 3.

Lokaúrslit Iceland Express deildar kvenna í körfu:

Bættu stigametið um sautján stig

KÖRFUBOLTI Íslandsmeistarar Hauka í Iceland Express deild kvenna eru aðeins einum sigri frá því að vinna titilinn annað árið í röð eftir 101-115 sigur í Keflavík í öðrum leiknum. Þetta var sögulegur leikur því aldrei áður hafði kvennalið skorað yfir hundrað stig í leik í lokaúrslitum úrslitakeppinnar. Haukaliðið bætti met Breiðabliks frá 1995 um heil 17 stig og Keflavíkurlíðið var einnig yfir gamla metinu í stigahæsta leik í sögu úrslitakeppni kvenna.

Haukaliðið var 9 stigum undir í hálfleik, 59-50, en skoraði 65 stig í seinni hálfleiknum þar sem liðið nýtti 61 prósent skota sinna.

Ifeoma Okonwko (37 stig og 13 fráköst), Helena Sverrisdóttir (33 stig og 15 stoðsendingar) og Sigrún Sjöfn Ámundadóttir (21 stig) fóru mikinn hjá Haukaliðinu en hjá Keflavík voru þær María Ben Erlingsdóttir (26 stig) og Kessa Watson (18 stig, 16 stoðsendingar, 12 fráköst) í aðalhlutverki.

Það hefur munað gríðarlega miklu um Pálinu Gunnlaugsdóttur, leikmann Hauka, í fyrstu leikjunum enda þar á ferðinni besti varnarmaður deildarinnar undanfarin ár. Pótt Pálinu hafi aðeins skorað 9



MUNAR UM PÁLÍNU Haukum gengur miklu betur með Pálinu Gunnlaugsdóttur inni á vellinum.

FRÉTTABLAÐ/VILHELM

stig samtals í fyrstu tveimur leikjunum hefur Haukaliðið unnið þær 47 mínútur sem hún hefur verið inni á vellinum með heilum 55 stigum (138-83). Keflavík hefur hins vegar unnið þær 33 mínútur sem Pálinu hefur verið á bekknum með 32 stigum (96-64).

- ój



ÓVÆNT Zach Johnson vann sitt fyrsta risamót um páskana.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Bandaríska Masters-mótið: Óþekktur golfari vann Tiger

GOLF Bandaríkjamadurinn Zach Johnson sigraði óvænt á bandaríska Masters-mótinu sem fram fór á Augusta-vellinum um páskana. Johnson, sem er 31 árs gamall, vann þarna sitt fyrsta risamót en hann tryggði sér sigurinn með frábærum lokaspætti.

Johnson fékk þrjú fugla á síðustu níu holunum og lék á tveimur höggum betur en Tiger Woods sem var á höttunum eftir sínum fimmta sigri á þessu virta móti.

Tiger Woods var kominn með forystu í upphafi dagsins en gerði mörg óvanaleg mistök og var í fyrsta sinn yfir pari á Masters. Suður-Afríkumennirnir Rory Sabbatini og Retief Goosen urðu jafnir í öðru sæti á þremur höggum yfir pari.

- ój



GLEÐI Fernando Alonso og Lewis Hamilton fagna sigri. NORDIC PHOTOS/GETTY

Formúla eitt í Malasíu:

Dagur McLaren

FORMÚLA EITT Heimsmeistari síðustu tveggja ára í formúlu eitt, Fernando Alonso, vann sinn fyrsta sigur með McLaren þegar hann kom fyrstur í mark á Sepang-brautinni í Kuala Lumpur í Malasíu.

McLaren hafði yfir miklu að gleðjast því auk þess að vinna sinn fyrsta kappakstur í 18 mánuði þá kom félagi Alonso, spútníkókumaðurinn Lewis Hamilton, annar í mark og McLaren vann því tvöfaldan sigur. - óóó

STAÐAN

Enska úrvalsdeildin

| MAN. UTD | 32 | 25 | 3 | 4 | 75-23 | 78 |
|-------------|----|----|----|----|-------|----|
| CHELSEA | 32 | 23 | 6 | 3 | 56-19 | 75 |
| LIVERPOOL | 32 | 18 | 6 | 8 | 50-22 | 60 |
| ARSENAL | 32 | 16 | 8 | 8 | 52-29 | 56 |
| BOLTON | 33 | 16 | 6 | 11 | 40-40 | 54 |
| EVERTON | 33 | 13 | 12 | 8 | 44-29 | 51 |
| TOTTENHAM | 32 | 14 | 6 | 12 | 44-45 | 48 |
| PORTSMOUTH | 33 | 12 | 10 | 11 | 41-37 | 46 |
| READING | 33 | 13 | 6 | 14 | 44-41 | 45 |
| NEWCASTLE | 33 | 11 | 8 | 14 | 36-41 | 41 |
| BLACKBURN | 32 | 12 | 4 | 16 | 38-47 | 40 |
| MAN. CITY | 32 | 11 | 7 | 14 | 26-35 | 40 |
| MIDDLESBR. | 32 | 10 | 9 | 13 | 36-39 | 39 |
| ASTON VILLA | 33 | 8 | 15 | 10 | 33-38 | 39 |
| FULHAM | 33 | 7 | 14 | 12 | 34-52 | 35 |
| WIGAN | 33 | 9 | 7 | 17 | 32-49 | 34 |
| CHARLTON | 33 | 8 | 8 | 17 | 29-49 | 32 |
| SHEFF. UTD | 32 | 8 | 7 | 17 | 26-47 | 31 |
| WEST HAM | 32 | 8 | 5 | 19 | 26-51 | 29 |
| WATFORD | 33 | 4 | 11 | 18 | 24-53 | 23 |

Spennan jókst um páskana

Chelsea minnkaði forskot Manchester United í þrjú stig, West Ham vann sinn þriðja leik í röð og Arsenal á á hættu að missa Meistaradeildarsætið.

FÓTBOLTI Lærissveinar Harry Redknapp í Portsmouth gerðu sitt í að auka spennuna í ensku úrvalsdeildinni um páskahelgina en tvær umferðir fóru þá fram. Portsmouth-liðið vann Manchester United 2-1 á laugardaginn og tapaði síðan 4-2 fyrir botnliði Watford í gær. Watford á því enn smá möguleika á að bjarga sér en tap United þýddi að forskot liðsins á Chelsea er nú aðeins þrjú stig.

Spennan er því orðin mikil á toppi og botni og það verður fróðlegt að fylgjast með síðustu fimm umferðum tímabilsins því Bolton er líka farið að ógna Arsenal í baráttunni um sæti í Meistaradeildinni. Efstu liðin léku ekki í gær vegna leikja sinna í Meistaradeildinni í vikunni.

Chelsea ætlar ekki að gefa Manchester United titilinn baráttulaust og nú munar aðeins þremur stigum þegar liðin eiga bæði eftir sex leiki. Sigurinn á dauðþreyttu Tottenham-liði var þá allt annað en sannfærandi en Ricardo Carvalho skoraði sigurmarkið af löngu færi rétt fyrir hálfleiki. Manchester-menn voru mjög ósáttir með hversu litla hvíld Tottenham-liðið fékk en liðið spilaði Evrópuleik aðeins einum og hálfum sólarhring fyrir.

„Ferðalagið og að spila tíu á móti Roma í Meistaradeildinni kom í bakið á okkur í þessum leik. Við erum með þriggja stiga forskot og betri markatölur þegar sex leikir eru eftir og ég hefði alltaf fagnað slíkri stöðu í haust,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, eftir tapið.

West Ham vann sinn þriðja leik í röð á laugardaginn í ensku úrvalsdeildinni og Lundúnaliðið varð þar með fyrsta liðið til að vinna Arsenal á Emirates-vellinum og er

ásamt Charlton það lið í fallbaráttunni sem spilar hvað best þessa dagana. Markvörðurinn Robert Green var hetja liðsins en hann varði margoft á frábæran hátt og lukkan virðist vera komin til liðs við Eggert Magnússon og félagi því sigurmark Bobby Zamora var rangstöðumark.

Arsenal-menn eru að gefa eftir og eru allt annað en öryggir með Meistaradeildarsæti. Liðið hefur aðeins fengið eitt stig og skorað eitt mark í síðustu fjórum leikjum og á sama tíma er Bolton aðeins tveimur stigum frá fjórða sætinu eftirsótt. Liðin mætast í svaka leik um næstu helgi.

Charlton náði í dýrmætt stig í fallbaráttunni með því að gera markalaust jafntefli við Reading. Ívar Ingimarsson lék allan leikinn fyrir Reading en Brynjar Björn Gunnarsson sat á bekknum.

Hermann Hreiðarsson var í byrjunarliði Charlton en þurfti að fara meiddur af velli á 24. mínútu. Sex mínútum síðar þurfti félagi hans, Marcus Bent, einnig að fara af velli vegna meiðsla.

ooj@frettabladid.is



EKKERT GENGUR Arsene Wenger, stjóri Arsenal, er að fara yfir um.

NORDIC PHOTOS/GETTY



KÁTUR Eggert Magnússon fagnaði þriðja sigri West Ham í röð.

NORDIC PHOTOS/GETTY

ENSKI BOLTINN

Laugardagur

| | |
|--|-----|
| CHELSEA-TOTTENHAM | 1-0 |
| 1-0 Ricardo Carvalho (52.) | |
| BLACKBURN-ASTON VILLA | 1-2 |
| 1-0 Benni McCarthy, víti (24.), 1-1 Patrik Berger (34.), 1-2 Gabriel Agbonlahor (73.) | |
| WIGAN-BOLTON | 1-3 |
| 1-0 Emile Heskey (32.), 1-1 Nicolas Anelka (44.), 1-2 Andranik Teymourian (68.), 1-3 Teymourian (73.) | |
| READING-LIVERPOOL | 1-2 |
| 0-1 Alvaro Arbeloa (15.), 1-1 Brynjar Björn Gunnarsson (47.), 1-2 Dirk Kuyt (86.) | |
| SHEFF. UTD-NEWCASTLE | 1-2 |
| 0-1 Obafemi Martins (17.), 1-1 Christian Nade (74.), 1-2 Steven Taylor (80.) | |
| MIDDLESBROUGH-WATFORD | 4-1 |
| 1-0 Mark Viduka (5.), 1-1 Damien Francis (23.), 2-1 George Boateng (27.), 3-1 Viduka (75.), 4-1 Fabio Rochemback (79.) | |
| ARSENAL-WEST HAM | 0-1 |
| 0-1 Bobby Zamora (45.) | |
| PORTSMOUTH-MAN. UTD | 2-1 |
| 1-0 Matthew Taylor (30.), 2-0 Sjálfsmark (89.), 2-1 John O'Shea (90.) | |

Annar í páskum

| | |
|---|-----|
| WATFORD-PORTSMOUTH | 4-2 |
| 0-1 Matthew Taylor (16.), 1-1 Hameur Bouazza, víti (28.), 2-1 Gavin Mahon (45.), 3-1 Tamas Priskin (51.), 4-1 Bouazza (72.), 4-2 Arnold Mvuemba (81.) | |
| ASTON VILLA-WIGAN | 1-1 |
| 0-1 Emile Heskey (21.), 1-1 Gabriel Agbonlahor (50.) | |
| BOLTON-EVERTON | 1-1 |
| 1-0 Kevin Davies (18.), 1-1 James Vaughan (34.) | |
| FULHAM-MAN. CITY | 1-3 |
| 0-1 Joey Barton (21.), 0-2 DaMarcus Beasley (36.), 0-3 Darius Vassell (59.), 1-3 Carlos Bocanegra (76.) | |
| NEWCASTLE-ARSENAL | 0-0 |
| CHARLTON-READING | 0-0 |

Meistaradeildin í fótbolta

Manchester United, Chelsea og Liverpool spiluðu ekki í gær þar sem liðin leika í Meistaradeildinni í kvöld og á morgun. Þetta eru seinni leikirnir í átta liða úrslitum keppinnar. Í kvöld spila Man. Utd og Roma á Old Trafford og Valencia tekur á móti Chelsea. Roma vann fyrri leikinn 2-1 en 1-1 jafntefli var á Stamford Bridge. Á morgun tekur Bayern München á móti AC Milan og PSV Eindhoven sækir Liverpool heim á Anfield.



HÚSÍÐ
FASTEIGNASALA

- heilshugar um þinn hag -

Vilhjálmur Bjarnason
Helgi H. Jónsson

lögg. fast.sali
lögg. fast.sali

Skipholt 50a



Til sölu nýjar íbúðir að Skipholti 50a.

Íbúðirnar afhendast fullbúnar að innan sem og að utan að undanskildum gólfefnum. Þó eru baðherbergi og þvottahús flísalögð. Íbúðrnar eru allar á 2 hæð í 2ja hæða fjölbýli með sameiginlegum inngangi, hjóla og vagnageymslu. Hægt er að fá keyptan bílskúr með.

Um er að ræða:

| | |
|----------|----------|
| Íbúð 303 | 92,3 fm |
| Íbúð 304 | 104,3 fm |
| Íbúð 305 | 86,5 fm |
| Íbúð 306 | 106,7 fm |
| Íbúð 307 | 117,4 fm |

Allar nánari upplýsingar sem og skilalýsing á skrifstofu Hússins.



JULIANNE MOORE

Julianne lauk BA-gráðu í listum frá Boston-háskóla. Eftir það flutti hún til New York og vann sem þjónustustúlka þar til henni bauðst starf í sápuóperu. Á tíunda áratugnum fór Julianne að birtast á stóra tjaldinu og vakti meðal annars athygli fyrir leik í myndunum Nine Months og Safe. Síðan þá hefur hún hlotið fjórar Óskarsverðlaunatilnefningar. Julianne er nú gift leikstjóranum Bart Freundlich og á með honum þrjú börn. Julianne leikur í Laws of Attraction á Stöð 2 Bíó kl. 20.00.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR LÆRÐI EITT OG ANNAÐ UM PÁSKANA

Hýenur, ljón og listir

Hýenur eru mestu skaðæðisdýr, hefur mér alltaf þótt. Hálf ljót greyin og svo eru þau hræætur, láta önnur dýr veiða bráðina og stökkva svo til. Eða þetta hélt ég þangað til ég horfði á þáttinn Allt um dýrin ásamt tveggja ára syni mínum. Þessi tuttugu mínútna þáttur breytti viðhorfi mínu til hýena, þær eru víst hinir bestu veiðimenn og mjög þrautseigar. Þær neyðast stundum til að yfirgefa ungvíðið um margra daga skeið á meðan þær veiða sér til matar, og þá þarf oft að hlaupa margra tuga kílómetra leið, áður en á veiðistað er komið. Afkvæmin þrauka hins vegar mjólkurlaus í marga daga enda hýenur mikil hörkutól. Þær þurfa til að mynda oft og iðulega að slást við konung dýranna, ljónið um mat, og ég komst að því að ljónin stela og eru jafn miklar hræætur og hýenur. Þær síðarnefndu hafa greinilega ekki haft jafn góða almennatengla og ljónin í gegnum tíðina, umfjöllunin hefur að minnsta kosti verið æði neikvæð á meðan ljónin njóta aðdáunar.

Páskafrið er annars ansi ljúft frí og rölegheitin réðu ríkjum á mínu heimili, með tilheyrandi sjónvarpsglápi

og útvarpshlustun. Ég sá Jón Ársæl sækja Kristján Jóhannsson heim til Ítalíu í Sjálfstæðu fólki, hélt nú ekki að ég hefði úthald og áhuga á því að horfa á viðtal við þann ágæta söngvara, finnst ég hafa séð þau svo mörg, en svo festist ég alveg yfir þættinum og skemmti mér vel. Einkar gaman hafði ég af því þegar Jón Ársæll umsjónarmaður þáttarinn klappaði Kristjáni á kinnina og fyrirgef honum upphlaupið í tengslum við styrktartónleikana hér um árið, rímaði vel við trúarblæ þáttarinn þar sem sagt var frá kraftaverkum, vinskáp við páfa og trúariðkun hjónanna Kristjáns og Sigurjónu. Heillandi.

Páskadegi lauk með því að ég hlustaði á mína menn á Fréttablaðinu standa sig vel í Spurningakeppni fjölmiðla. Þátturinn hafði verið fluttur fyrir um daginn en eins og oft nýtti ég mér þann kost að hlusta á upptöku á netinu. Ég er reyndar farin að hlusta mjög mikið á útvarpsþætti nokkrum tímum eða dögum eftir að þeir eru fluttir. Þannig setti ég hátíðarbrag á páskadag með því að hlusta á morgunmessu Dómkirkjunnar um hádegisbil, fagra tóna Manuelu Wiesler og þátt um þá sömu konu í beinu framhaldi.



EKKI MISSA AF



► **20.40 Everwood** SJÓNVARPIÐ



► **22.25 The Unit** STÖÐ 2



► **22.00 Picture Claire** STÖÐ 2 BÍÓ



► **00.00 Twenty Four** SIRKUS



► **22.00 Close to Home** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

16.00 Kastljós - Leiðtogaumræður

17.05 Leiðarljós

17.50 Tákn málsfréttir

18.00 Franklín (69:78)

18.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós - Borgarafundur Bein útsending frá Árborg. Í þættinum í kvöld verður meðal annars borgarafundur um landbúnaðar- og utanríkisráðgjafna þingkosninganna 12. maí.

► **20.40 Everwood** (8:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado. Aðalhlutverk leika Treat Williams, Gregory Smith, Emily Van Camp, Debra Mooney, John Beasley og Vivien Cardone.

21.25 Ómur af Ibsen - Tilhugalíf í IKEA (4:8) Hér er sagt frá því hvernig líf fólks getur breyst þegar leitað er að nýju eldhúsi og kveikja myndarinnar er meðal annars sótt í Pétur Gaut og Eyjólf litla.

22.00 Tíufréttir

22.25 Dulnefni DP (1:2) Frönsk saka-málamynd í tveimur hlutum. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. Seinni hlutinn verður sýndur að viku líðinni.

23.55 Njósnaðildin (10:10) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.

00.50 Kastljós - Borgarafundur

01.50 Dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.15 Laws of Attraction

10.00 Trail of the Pink Panther

12.00 Dante's Peak

16.00 Trail of the Pink Panther

18.00 Dante's Peak

20.00 Laws of Attraction Rómantískt réttardrama með Pierce Brosnan og Julianne Moore í aðalhlutverkum.

► **22.00 Picture Claire** Spennumynd um fransk-kanadíska konu sem verður að bjarga eigin skinni. Aðalhlutverk: Juliette Lewis, Gina Gershon, Mickey Rourke. Stranglega bönnuð börnum.

00.00 Hard Cash

02.00 Ring O

04.00 Picture Claire



SIRKUS TV

18.00 Insider

18.30 Fréttir

19.00 Ísland í dag

19.30 Seinfeld (14:24) (e)

19.55 Entertainment Tonight

20.50 Gene Simmons: Family Jewels (Food Or Sex?)

21.15 The Nine Níu manna hópur, allt ókunnugt fólk, er tekinn í gíslingu í banka einum. Þar er fólkinu haldið í 52 klukkustundir við erfiðar aðstæður. Þegar það losna úr bankanum og fer að lifa lífi sínu finna allir að ekkert verður eins aftur. Líf þeirra er breytt að eilífu. Á milli þessara níu manna hafa nú myndast sterk bönd sem enginn skilur nema þeir sem haldið var í bankanum. Hvað gerðist í bankanum á þessum 52 klukkustundum sem gjörbreytti lífi þessa fólks svona mikið?

22.00 Grey's Anatomy (19:25) Vinsælasti þátturinn í Bandaríkjunum, þar sem nú ríkir Grey's Anatomy æði. Þættirnir gerast á Grace-spítalanum í Seattle-borg og þar starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. (19:23) George hittir nýja tengdafóður sinn á meðan stjórnskipitalans hefur viðtalsferlið vegna stöðu yfirmanns skurðlækna-deildarinnar.

22.50 American Idol (26:41) Úrslitlagurinn heldur áfram í American Idol en nú eru aðeins þeir bestu eftir. 9 keppendur stíga á svið en keppnin harðnar með hverri vikunni.

► **23.35 American Idol** (27:41)

00.00 Twenty Four - 2 (24:24) Ómissandi lokapáttur þar sem spennan er í hámarki og óhugsandi að Jack tækist að sanna mál sitt. Stranglega bönnuð börnum.

00.50 Dirty Dancing

01.45 Seinfeld (14:24) (e)

02.10 Entertainment Tonight (e)

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasinþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07.15 Beverly Hills 90210 (e)

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Melrose Place (e)

14.55 Vörutorg

15.55 High School Reunion (e)

16.45 Beverly Hills 90210

17.30 Melrose Place

18.15 Rachael Ray

19.00 Everybody Loves Raymond (e)

19.30 Snocross Íslenskir snjóleðakappar í skemmtilegri keppni þar sem ekkert er gefið eftir.

20.00 Skólahreysti (11:12) Grunnskóla-keppni í fitness-prautum.

21.00 Innlit / útlit Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og bætta á heimilum þess.

► **22.00 Close to Home** (18:22) Lögfræðidrama af bestu gerð. Annabeth Chase er ungur saksóknari sem vill ólm fá öll erfiðustu glæpamálin og hlífir sér hvergi.

22.50 Everybody Loves Raymond Bandarískur gamanþáttur. Ray heyrir tengdaforeldra sína rífast allt hvað af tekur og hann segir Debru frá því. Hún trúir því varla enda hefur hún alltaf álitnið foreldra sína vera mun heilbrigðari en Frank og Marie. En þegar allt fer í uppnám við matarborðið er greinilegt að munurinn er minni en hún vonaði.

23.15 Jay Leno

00.05 Heroes (e)

01.05 Jericho (e)

01.55 Vörutorg

02.55 Beverly Hills 90210 (e)

03.40 Melrose Place (e)

SKJÁR SPORT

08.00 Þrumuskot (e)

14.00 Watford - Portsmouth (9. apríl)

16.00 Ítalski boltinn (frá 7. apríl)

18.00 Þrumuskot (e)

19.00 Tottenham - Blackburn (frá 9. apríl)

21.00 Þrumuskot (e)

22.00 Ítölsku mörkin (e)

23.00 Charlton - Reading (frá 9. apríl)

00.00 Dagskrárlök



Í KVÖLD KL. 18:45
MAN. UTD.
ROMA
8 LIÐA ÚRSLIT

MEIÐVÍKUDAGUR

EVROPEA



Í KVÖLD

18:45 Man. Utd. - Roma Sýn

18:45 Valencia - Chelsea Sýn Extra

MIÐVIKUDAGUR

18:45 Bayern München - Chelsea Sýn

18:45 Liverpool - PSV Sýn Extra

SÝN
besta sætið

515 6100 | SYN.IS | VODAFONE

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.50

Prison Break

Í kvöld er æsispennandi lokabáttur Prison Break sem enginn má missa af. Nú á Michael fullt í fangi með að reyna að bjarga bróður sínum og sjálfum sér en þeir eru í mikilli hættu. Uppgjör er í aðsigi hjá öllum aðalpersónunum en nú er ekki lengur hægt að treysta á gæsku náungans og því þarf hver að hugsa um sjálfan sig. Það hefur ýmislegt gerst síðan bræðurnir byrjuðu að skipuleggja flóttann úr fangelsinu en það hefur ekki allt gengið samkvæmt áætlun eftir að fangarnir komust út undir bert loft.



LAWS OF ATTRACTION

Stöð 2 Bíó

Rómantískt réttardrama með gamansömu ívafi með Pierce Brosnan og Julianne Moore í aðalhlutverkum. Myndina gerði breski leikstjórinn Peter Howitt sem gerði meðal annars Sliding Doors. Í myndinni leika Brosnan og Moore eftirsóttá skilnaðar löngfræðinga sem fella hugi saman – nokkuð sem á eftir að valda þeim ómældum og grátblöðugum óþægindum í starfi.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

| | |
|-----------------------------------|--|
| 06.50 Bæn | 16.10 Veðurfregnir |
| 07.05 Morgunvaktin | 16.13 Hlaupanótan |
| 09.05 Laufskálinn | 17.03 Víðsjá |
| 09.45 Morgunleikfimi | 18.00 Kvöldfréttir |
| 10.13 Heima er best | 18.24 Auglýsingar |
| 11.03 Samfélagið í nærmynd | 18.25 Spegillinn |
| 12.00 Fréttayfirlit | 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar |
| 12.03 Hádegisútvarp | 19.00 Vítinn |
| 12.20 Hádegisfréttir | 19.30 Laufskálinn |
| 12.45 Veðurfregnir | 20.10 Man ég fyrrum þyt á þökum |
| 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar | 21.00 Sólin hefur enn ekki sungið sitt síðasta |
| 13.00 Vítt og breitt | 21.55 Orð kvöldsins |
| 14.03 Útvarpsagan: Sólskinsfólkið | 22.15 Lóðrétt eða lárétt |
| 14.30 Seiður og hélog | 23.10 Fimm fjórðu |
| 15.03 Orð skulu standa | 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns |
| 16.00 Síðdegisfréttir | |

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

- 07.00 Iceland Expressdeildin 2007
- 14.35 Coca Cola deildin (Southampton - Sunderland)
- 16.15 Iceland Express deildin 2007
- 17.30 Meistaradeild Evrópu – fréttabáttur
- 18.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs – Upphitun
- 18.30 Meistaradeild Evrópu Bein útsending frá síðari leik Manchester United og Roma í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Tekst United að gera aðra atlgöu að þrenninni frægu?
- 20.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 21.00 Meistaradeild Evrópu (Valencia - Chelsea) Útsending frá síðari leik Valencia og Chelsea í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Valencia ætlar sér alla leið í keppninni enda komst liðið tvívegis í úrslitaleikinn fyrir nokkrum árum síðan, en tapaði í bæði skiptin. Leikurinn er í beinni útsendingu á Sýn Extra kl 18.30.
- 22.50 PGA Tour 2007 – Highlights
- 23.45 World Supercross GP 2006-2007

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignir á markaðnum sýndar.
- 21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
- 22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
- 23.00 Nýjar eignir e.
- 0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

6.00 Postmand Per 6.15 Noddy 6.30 Rabatten 7.00 Italienske fristelser 7.30 Deadline 2. Sektion 8.00 Anlids hus 8.30 En plads i livet 9.00 Livet ombord - jagten på silden 9.30 Et liv bag kameraet 10.00 TV Avisen 10.10 Nationen 10.35 Ud i naturen 11.00 Ud i det blå 11.30 Et skib i modvind 12.20 Søren Ryge - Fugle Hans 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Dawson's Creek 14.00 Flemmings Helte 14.15 SPAM 14.30 Shin Chan 14.35 Ninja Turtles: Tidsreisen! 15.00 SportsNørd 15.30 Lille Nørd 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 16.55 Aftenshowet med Vejret 17.30 Hvad er det værd 18.00 Hammerslag 18.30 Dig og mig 19.00 TV Avisen 19.25 Kontant 19.50 SportNyt 20.00 DR1 Dokumentaren: Peters Omgang 21.00 Hercule Poirot 4.30 Dyrene fra Lilleskovene 5.00 Rasmus Klump 5.10 Palle Gris på eventyr 5.30 Kaj og Andrea 6.00 Postmand Per

NK1

7.30 Sydvent 8.00 Siste nytt 8.05 Kulturprofilen 8.30 Faktor: Fremviseren 9.00 Siste nytt 9.05 Ung i Amerika 10.00 Siste nytt 10.05 Fra Dalarna til Gobi 11.00 Siste nytt 11.05 Lunsjtrav 12.00 Siste nytt 12.05 Høytids gudstjeneste fra Byåsen kirke i Trondheim 13.00 Siste nytt 13.05 Lyoko 13.30 Duck Dodgers 14.00 Siste nytt 14.03 Den dårligste hekka i klassen 14.30 Liga 15.00 Siste nytt 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Fra loft og kjeller 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Lille Prinsesse 16.15 Konrad katt 16.25 Frøken Nielsen er tilbake 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Ut i naturen: Magasin 18.00 Planeten 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Standpunkt 20.15 Extra-trekning 20.30 Safari: Eros i kunsten 21.00 Kveldsnytt 21.15 Kulturnytt 21.20 Utsyn: Fra MS "Tampa" til New Zealand 22.10 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin 22.40 Jazz i latinerkvarteret 4.25 Frokost-tv

SVT 1

7.30 När gräsrotterna tar över 8.00 Skolfrent 8.30 Nya drömjobbet 9.00 Vetenskap - forskare mot alla odds 9.30 Alkohol i blodet 10.00 Rapport 10.05 Planet Earth 12.45 Siska 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Wer küsst schon einen Leguan? 15.30 Krokmax 16.00 Myror i brallan 16.30 Sagoberättaren 17.00 Lilla Aktuellt - kortnyheter 17.05 Grand Prix 17.30 Rapport 18.00 Uppdrag Granskning 19.00 Slutet på historien 19.05 Höök 20.05 Argument 21.05 Rapport 21.15 Kulturnyheterna 21.25 Kobra 21.55 Stina! 22.55 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorron Sverige



Fermining 2007



Frábær heilsurúm með tvöföldu fjaðrakerfi af ýmsum stærðum.
Verð frá kr. 48.535 (120x200 cm.)

I-Chair grjónastóll með hátölurum sem tengja má við leikjatölvuna, iPod-inn eða hljómtækin
Tilboðsverð kr. 24.900



30% afsláttur af fylgihlutum með rúmi, t.d. sængum, koddum, lökum, dýnuhlífum og rúmteppum.

Grjónastólar og púðar frá **SIT&JOY** á tilboðsverði.





„Það er Sólon. Þar er rosa góður matur fyrir ekkert svo mikinn pening.“

Tommi White, plötusnúður og tónlistarmaður.

Hara skrifar undir samning við Concert

„Hljómsveitin byrjar að æfa strax á miðvikudag og Jógvan byrjar að syngja á fimmtudaginn,“ segir Einar Bárðarson en ráðgert er að fyrsta platan með færeyska söngvaranum Jógvan komi út strax í byrjun maí. Einar stóð uppi sem sigurvegari á föstudaginn langa þegar úrslitin í X-Factor voru kunngjörð en skjólstæðingur hans Jógvan hafði mikla



EINAR Jógvan fer strax í upptökuver á fimmtudag en platan kemur út í byrjun maí.

yfirburði og sigraði með yfir sjö-tíu prósent allra atkvæða.

Einar upplýsir að á plötunni verði margar af helstu perlum Jógvans úr þáttunum auk þess sem einhver frumsamin lög eftir söngvarann fá að slæðast með. „Hann er lunkinn lagasmiður en við verðum auðvitað líka að gæta þess að hafa eitthvað við hæfi þeirra sem fylgdu honum í gegnum keppnina.“

Þáskarnir hafa ekki farið í að liggja með tærnar upp í loftið heldur hafa tónleikahaldarar víða um land sýnt Jógvan mikinn áhuga. „Það hafa verið að hrynja inn bókanir yfir alla þáskana og sumt getur Jógvan gert en annað ekki,“ útskýrir Einar. Hara-stúlk-



GÓÐIR VINIR Jógvani og Hara hefur borist töluvert af fyrirspurnum um að troða upp saman.

urnar frá Hveragerði, sem veittu honum nokkra keppni, munu heldur ekki sitja aðgerðalausar á næstunni því útgáfu- og umbóðsfyrirtækið Concert mun á næstu dögum skrifa undir samning við þær og fær þjóðin því að heyra

meira frá þeim. „Systurnar trylltust af gleði þegar þær fengu veður af þessu,“ segir Einar en þó nokkrar fyrirspurnir hafa borist um að fá Jógvan og Hara til að troða upp saman.

-fgg

| | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

LÁRÉTT

2 löngun 6 nafnorð 8 forsögn 9 kraftur 11 tveir eins 12 reyna 14 æxlun 16 hólmi 17 svíf 18 utan 20 frá 21 maður.

LÖÐRÉTT

1 betl 3 þys 4 úða 5 lítill sopi 7 ofbjóða 10 landspilda 13 hamfletta 15 heiti 16 trjátegund 19 númer.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 lýst, 6 no, 8 spá, 9 aftí, 11 18 ím, 20 aftí, 21 kart. LÖÐRÉTT: 1 snap, 3 ys, 4 sprauta, 5 tær, 7 ofeyna, 10 lóð, 13 flá, 15 nafn, 16 eik, 19 nr.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- Hot Chip
- Fjórdá og neðsta
- Rakel og Hildur Magnúsdætur

HILMAR HANSSON: MENN BÚNIR AÐ FÁ NÓG AF VERÐI VEIÐILEYFA Á ÍSLANDI

Steðjað í stórlax á Kólaskaga

„Menn eru farnir að fara til Rússlands. Það eru allir komnir með upp í kok af verðinu hérna heima,“ segir Hilmar Hansson sem er einn þekktasti veiðimaður landsins.

Fréttablaðið greindi frá því á dögnum að veiðileyfi í Langá, þar sem staðarhaldari er Ingvi Hrafn Jónsson sjálfur, hefur hækkað um hundrað prósent á fimm árum. Ingvi Hrafn sagði að meðalþjóninn gæti einfaldlega gleymt því að fara í laxveiði á besta tíma. Nema í boði stórfyrirtækja. Þarna væru markaðsöflin einfaldlega að verki og lítið við því að segja. Á Reykjavíkurlflugvelli í byrjun júní eru allt upp í tíu einkabotur sem ferja hingað forfallna fluguveiðimenn og auðkýfinga.

Mikil hækkan á verði veiðileyfa er almenn – ekki bara bundin við Langá. Hilmar segir urg í mön-

um sem lýsir sér í því að menn hafi verið að færa sig meira yfir í silungsveiði. Og svo þennan möguleika að fara út fyrir landsteinana til veiða – til dæmis á Kólaskagan í Yokanga-á sem er einhver besta stórlaxaa veraldar. Sjálfur var Hilmar þar á ferð í fyrra ásamt Ingólfi Davíð Sigurðssyni og Guðjóni Árnasyni. Þeir veiddu 106 laxa og voru tíu prósent þeirra yfir tuttugu pund.

„Þarna eru menn að fá miklu betri veiði fyrir minna verð. Og það sem öllu máli skiptir – sénsinn á stóra fiskinum. Sem ekki er lengur hér á Íslandi nema í örfáum ám.“

Stórlaxinn er á undanhaldi á Íslandi, hefur verið beint strik niður undanfarin ár að sögn Hilmars meðan smálaxinn er að koma upp. „Það er annað að eiga mögu-



HILMAR HANSSON Sæll og glaður með einn 25 punda lax sem hann veiddi í Yokanga.

leika á því að fá 40 til 50 punda lax í stað tíu punda hér heima, ef þú ert heppinn.“

Og stór hópur íslenskra veiðimanna steðjar nú til Rússlands. Tugir manna eru búnir að bóka sig í veiði þar í sumar. Hilmar hefur farið í fjörgang. Hilmar er ekki alveg hlutlaus, þótt engin ástæða sé til að draga orð hans í efa, en hann var muntraður til að vera umbóðsmaður Frontier, stærstu veiðiskrifstofu heims, hér á Ís-

landi. Og þar er boðið upp á veiði víðs vegar um heim allan.

„Þetta er ótrúlegt ævintýri. Þarna ferðast menn um á þylrum. Úti í auðninni. Engir bílvegir. Flogið á veiðistað að morgni og svo eru menn sóttir um kvöld,“ segir Hilmar. Verðið sem menn eru að greiða er 300 þúsund krónur fyrir viku. Sem að sögn Hilmars er sambærilegt verð og tveir dagar kosta í sémilegri á hér á Íslandi.

jakob@frettabladid.is



STURLA BIRGISSON í Yokanga geta menn alltaf átt von á því að ná í þann stóra. Þessi lax er 38 pund.



HILMAR Þetta er algert ævintýri og menn eru fluttir til og frá veiðistað á þylrum.

Eurovision liður í sjálfstæðisbaráttu

„Ég styð þá í hvaða vitleysu sem er eins og þar stendur. Sjálfsgagt, fyrst keppnin hefur teygst sig svo langt landfræðilega að Ísraelsmenn eru með, að Palestínumenn taki líka þátt. Hafi þeir áhuga á því,“ segir Sveinn Rúnar Hauksson, lækni og formaður félagsins Ísland-Palestína.

Palestínumenn hafa nú lýst yfir áhuga á að taka þátt í söngvakeppni Evrópskra sjónvarpsstöðva EBU og hefur aðildarumsókn verið send til EBU. Embættismenn í Ramallah segja að Mahmoud Abbas, forseti Palestínumanna, styðji þetta framtak og vonist til að Palestínumenn fái að taka þátt í keppninni að ári.

Sveinn Rúnar segir að þeim veiti ekki af hverju tækifæri sem er til að minna á tilvist sína. Þátttaka Ísraelsmanna hafi verið partur af „mjúka stríðinu“. Að draga að sér jákvæða athygli.

„Ekki hefur Ísraelstjórn veitt af. Palestínumenn hafa verið að freista þess að taka þátt í öðru sambærilegu svo sem tilnefningu til Óskarsverðlauna en þar var fyrirstaða á þeim grundvelli að tillagan kæmi ekki frá sjálfstæðu ríki. Ég geri ráð fyrir því að þátttaka

SVEINN RÚNAR HAUKSSON Segist styðja Palestínu í hvaða vitleysu sem er - ekki Eurovision-vitleysu.

í Eurovision sé liður í baráttu fyrir sjálfstæði og viðurkenningu.“

Sveinn Rúnar segist reyndar ekki vera mikill aðdáandi þess fyrirbærar sem söngvakeppnin er þó hann hafi fallið fyrir einu og einu lagi. En þetta sé náttúrulega ágætis fólk sem að þessu standi. Þar með talinn Sveinn Rúnar Sigurðsson.

„Já, okkur hefur verið ruglað saman. Það hefur gengið svo langt að mér hefur verið óskað til hamingju með þessu lög hans. Og sumir blaðamenn hafa breytt nafni hans og sögðu Hauksson. Mátti þá vart á milli sjá hvor var ósáttari við það: Ég að vera orðinn einhver Eurovisionhöfundur og hann að missa af sinni Eurovision-frægð. En ég kannast aðeins við hann Svein Rúnar, skemmtilegur og skapandi.“

-jbg



FRÉTTIR AF FÓLKI

Borgarbúar hafa margir hverjir rekið upp stór augu þegar íslenski leikarinn **Björn Hlynur Haraldsson** hefur gengið framhjá þeim. Hinn dökki makki sem löngum hefur prýtt leikarann er fokin út í veður og vind og blasir bara nakinn kollurinn við. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þessi nýstárlega hárgreiðsla þó ekki komin til vegna einhverra verkfæra leikarans heldur þótti honum einfaldlega kominn tími til að létta aðeins á sér. Og hann hefur jafnframt fullviss- að forvitna að hann sé ekki búinn að glata geðheilsunni eins og hin heimskringla poppstjarna **Britney Spears**.



Og þau hafa ekki vakið síður mikla undran, upphafsorð viðtalsgreinar **Sveins Waage** í nýjasta hefti Mannlífs. Þar tekur Sveinn tali nokkar af „dætrum Íslands“ og lætur þess sérstaklega getið hversu auðvelt það hafi verið að fá viðmælendur en meðal þeirra sem Sveinn spjallar við eru **Margrét Gauja Magnúsdóttir**, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði og **Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir**, blaðakona. „Samkvæmt því er þessi kynslóð kvenna ekki í höftum neinnar minnimáttakenndar eða feimni,“ skrifar Sveinn í upphafi greinar sinnar og lætur þess jafnframt getið að aðeins ein hafi skorist undan. „En hún fékk systur sína til að mæta í staðinn,“ bætir Sveinn við sem þykir það greinilega merkilegt að konur skuli yfirhöfuð mæta í viðtöl og ekki síður að þær skuli hafa skoðanir.

-fgg

FRUMSÝND 4. APRÍL

SUNSHINE

Frá Danny Boyle, leikstjóra 28 Days Later og Trainspotting

9. HVER VINNUR!
Sendu SMS **JA SOF** á **1900** og þú gætir biómíða!

Vinningar eru biómíðar á Sunshine, DVD myndir, fullt af Pepsi og margt fleira!

Roberti Rattan – Kyoto



Ítölsk hönnun.

Það er aðeins eitt rúm sem fær stimpilinn það besta, engin þörf á að stæra sig af óendanlegri, ólýsanlegri og ótrúlegri upplifun. Við segjum einfaldlega hver varan er, sýnum þér staðreyndir með myndum. Hér er ein sönnun, hver dæmi fyrir sig.



Höfum fengið mikið úrval hágæða teppasetta og púða frá hönnuðinum Mette Ditmar.



Betra
BAK

Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

LYFJA
Lífð heil

Opið 8-24
alla daga

Lyfja Lág múla
Lyfja Smáratorgi



BAKÞANKAR

KARENAR D. KJARTANSDÓTTUR

Fortíðarþrái

Það er er svo skrítið hvað þetta unga fólk í dag slæst mikið. Í gamla daga var ástandið ekki svona. Þá var ekki sparkað í hausa á öðrum, ó sei, sei, nei. Þá var bara talað um að heilsast að sjómannasið og menn slóguust í gamni við utanbæjarmenn. Þetta sagði vitur maður mér eitt sinn þegar ég starfaði sem ósigld afgreiðslustúlka í hamborgarabúllu úti á landi.

Það er svo undarlegt að þú skulir ekki vera dökkhærð miðað við hvað þú ert komin af laglegum Fransmönnum af Skaganum. Þetta sagði lífsreynd kona mér rétt eftir að hún hafði hneykslast á öllum þessum útlendingum sem hún segir flæða yfir landið.

Það er skrítið að fólk haldi að við séum rasistar bara vegna þess að við viljum að „óheftur innfluttningur [sic] vinnuafis sé hagstjórnarmál ekki tilfinningamál“. Þetta skrifa stjórnálmenn sem vilja verja strendur landsins fyrir útlendingum sem kynnu að smita landann af berklum og menga íslenska tungu. Það hvarflar að manni að sannleikskorn sé að finna í málflutningi þeirra en á fáum öðrum stöðum verður maður jafn greinilega var við hnignun móðurmálsins. Sömu menn virðast ekki vita að þeir geta sótt sér betur skrifaðan áróður gegn hinu óþekkta í ræður stjórnálmanna sem voru við völd á hernámsárunum.

Það er svo skrítið að Íslendingar hafa lengi sýnt 6. ættlið Íslendinga í Vesturheimi meiri áhuga en nýjum Íslendingum. Við rennum eftir greinum fornra ættartrjáa, däumst að því hvað Íslendingar vestanhafs hafa verið duglegir að sýna íslenskri menningu áhuga en þekkjum lítið til uppruna nýrra Íslendinga í nágrenni okkar.

Það er svo skrítið að stundum langar mann ekki til að hafa skoðanir eftir að sjálfskipaðir spekingar hafa deilt reynslu sinni af óumbeðinni góðmennsku. Þá kys maður frekar að ræða um veðrið við afa sinn. Sá hinn sami segir það skrítið að í bernsku hans hafi veðurguðirnir verið mildari en nú á tímum. Nú sé bara svika-sól á lofti og sumarvetur gerir æ oftast vart við sig. Jafnvel þótt menn segi tíð hlýnandi loftslags og heimsenda gengna í garð. Svo hellum við upp á kaffi og dæsum yfir heimsósómanum.

SIMPLY CLEVER



Skoda Octavia TDI[®] 4X4 – NÚ Á BETRA VERÐI



Sparneytin TDI[®] dísilvél

Það er margt sem gerir Skoda Octavia 4x4 að frábærum ferðafélaga. Notagildið, áreiðanleikinn og öryggið er með því besta sem gerist. Þar að auki sameinar 1,9 lítra TDI[®] dísilvélin afl og hagkvæmni.

Skoda Octavia Combi TDI[®] 4x4 er rétti bíllinn í ferðalagið.

Nú getum við boðið takmarkað magn af þessum vinsæla bíl á ótrúlegu verði,
aðeins 2.790.000 kr.

GullnaStýrið

Skoda Octavia hefur meðal annars hlotið Gullna stýrið, einhver eftirsóttustu bílaverðlaun heims.



Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

10%
vaxtaauki!

Kynntu þér málið á spron.is

